

**Bjórframleiðandinn Fuller**  
Kemur reykinga-  
fólki til hjálpar



**Vörustjórnun**  
Blóðrás fyrirtækjanna



**Rekjanleiki sjávarafurða**  
Skiptir stöðugt  
meira máli



## Líkur á nýju tilboði í vikunni

Líklegt er að hluthöfum í Actavis muni berast nýtt yfirtökutilboð frá Novator fyrir vikulok. Formlegt tilboð Novators tók gildi 5. júní og stendur opið til 3. júlí. Í skilmálum þess kemur fram að ef breyta eigi tilboðinu innan tilbodsfrestsins verði að gera það á fyrstu tveimur vikum hans. Ella bætist tvær vikur við heildarfrestinn. Talið er að Novator vilji síður lengja ferlið um tvær vikur. Lagt verði kapp á að ákvarða næstu skref sem fyrst.

Á föstudaginn gaf stjórn Actavis út álit þar sem hún réði hluthöfum frá því að samþykkja tilboð Novators á þeim grundvelli að verði væri of lágt. Byggði hún álit sitt á ráðgjöf alþjóðlega fjárfestingabankans JP Morgan. Á milli Novators og bankans standa nú yfir viðræður um forsendur þeirrar ráðgjafar.

Gengi bréfa Actavis hefur hækkað um rúm tólf prósent frá því fréttir af yfirtökuáhuga bárust. Mikil viðskipti með bréfin gefa til kynna að margir fjárfestar búist við að herra tilboð eigi eftir að berast frá Björgólfi.

Tilboð Novators hljóðaði upp á 0,98 evrur á hlut, sem nemur um 84 krónum. Sérfræðingar telja líklegt að nýtt tilboð verði á bilinu níutíu til 95 krónur á hlut. Líkurnar á að þriðji aðili komi inn í ferlið og geri herra tilboð í félagið eru taldar hverfandi. - hhs / sjá síðu 6

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Fá A+** | Japanska matsfyrirtækið Rating and Investment Information (R&I) hefur gefið Kaupþingi banka hf. lánshæfiseinkunnina A+. Að mati fyrirtækisins eru horfur fyrir lánshæfiseinkunn bankans stöðugar.

**Eignast þriðjung** | Sanderson ehf., félag í eigu Tryggva Jónssonar, fyrrverandi eiganda og forstjóra bifreiðaumbodisins Heklu, hefur keypt 28 prósent hlut í Humac sem meðal annars rekur Apple á Íslandi.

**Mikil velta** | Mest velta var með hlutabréf Glitnis á fyrstu fimm mánuðum ársins. Heildarvelta með bréf félagsins nam um 334 milljörðum króna, ríflega helmingi hærri upphæð en hjá Kaupþingi sem er í öðru sæti.



**Kaupa Innovate** | Eimskip hefur gengið frá kaupum á öllu hlutafé í Innovate Holdings. Kaupverð er um fjórir milljarðar króna. Greitt er með útgáfu nýs hlutfjár og verða eigendur Innovate meðal stærstu hluthafa Eimskips.

**Magnús stærstur** | Eignarhaldsfélagið Imon, sem er í eigu athafnamannsins Magnúsar Ármanns, er orðið stærsti stofnfjár-eigandinn í Byr sparisjóði með um 9,59 prósent hlut. Hluttur þessi er metinn á rúma 3,4 milljarða króna.

**Vilja Vinlustöðina** | Bræðurnir Guðmundur og Hjálmar Kristjánssynir í Stillu hafa lagt fram samkeppnistilboð í allt hlutafé Vinlustöðvarinnar. Tilboðsgengið hljóðar upp á 8,5 krónur á hlut.

**Of lágt** | Stjórn Actavis telur yfirtökutilboð Björgólfs Thors Björgólfssonar í félagið of lágt. Það endurspeglir hvorki virði né framtíðarmöguleika þess. Stærstu hluthafar hafa ekki tekið ákvörðun um hvort þeir selji.

# Ólík sýn á hagvöxt

Verðbólga lækkaði í takt við spár greiningardeilda bankanna. Þær segja spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins veglega.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson  
skrifar

Vísitala neysluverð hækkaði um 0,52 prósent frá maí og jafngildir því að verðbólga lækkar úr 4,7 prósentum í 4,0 prósent á ársgrundvelli í þessum mánuði, samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands sem birtir voru í gær. Hækkunin er í lægri kantinum en spár flestra greiningardeilda viðskiptabankanna hljóðuðu upp á en þær gerðu ráð fyrir allt frá 0,4 til 0,8 prósent hækkingu á vísitölu neysluverðs á milli mánaða.

Kostnaður vegna eigin húsnæðis jókst um 1,9 prósent á milli mánaða og skrifast það á hækkun markaðsverð á húsnæði. Þetta er samhljóða spám greiningardeildanna, sem sögðu óvissuþættina verða húsnæðisliði og verð á eldsneyti, sem geti sveiflast á milli mánaða.

Bankarnir spá því að verðbólga muni lækka nokkuð á haustdögum en mjakast svo upp á ný. Verðbólga muni þó vera yfir verðbólgu markmiði Seðlabanka Íslands fram á næsta ár. Þetta er nokkuð samhljóða álit Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um stöðu efnahagsmála sem kynnt var í byrjun vikunnar.

Í álitinu segir að þvert á væntingar hafi ekki dregið nægilega úr innlendri eftirspurn. Er því búist við 2-3 prósentu hagvexti á árinu og eins prósentu hagvexti á næsta ári. Verði hann drifinn áfram af einkaneyslu og stóruáuknum útflutningi. Samdráttar muni svo gæta á næsta ári og greiðsluþyrði aukast.

Lúðvík Eliasson, sérfræðingur hjá greiningar-

deild Landsbankans, segir eftirspurnarliðina á markaðnum ótrúlega sterka, ekki síst á fasteignamarkaði. Þótt öðru hverju sé útlit fyrir að draga ætli úr eftirspurn sé ætíð eitthvað sem hamli. „Það kemur alltaf eitthvað nýtt inn,“ segir hann og bendir á ýmsa lánamöguleika sem fasteignakaupendum bjóðist, jafnt í innlendum og erlendum gjaldmiðlum. Ekki bæti Íbúðalánasjóður úr skák en hann hafi komið til móts við hugsanlega hægingu á fasteignamarkaði með ýmsum aðgerðum.

Lúðvík undrast engu að síður þær tölur sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn setur fram. „Ég veit ekki hvar þeir sjá hagvöxtinn,“ segir Lúðvík en greiningardeild Landsbankans gerir ráð fyrir 0,5 prósentustiga hagvexti á þessu ári. Ég held að þeir séu að reikna með því að krafturinn í innlendu eftirspurninni haldi áfram. Við reiknum hins vegar með að aðeins fari að kreppa að hjá fólki og draga úr neyslu á þessu ári,“ segir hann.

Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur hjá greiningardeild Glitnis, er sammála Lúðvík að annað hljóð sé í strokki Alþjóðagjaldeyrissjóðsins en heyrst hafi fram til þessa. Greiningardeild Glitnis spáði 1,5 prósentu hagvexti á þessu ári en 3,5 prósentu á næsta ári. „Þeir gætu hæglega haft nokkuð til síns máls því okkur sýnist að miðað við þróunina frá í mars hafi hagkerfið kólnað hægar en gert hafi verið ráð fyrir. Þá má gera ráð fyrir að lok hagsveiflunnar færast aftur í tíma en við spáðum,“ segir Jón og bætir við að óvissan í hagspám ársins sé upp á við. Því geti hagvöxtur hæglega orðið meiri en upphaflega var talið.

## Fagfjárfestar sitja að hlutfjárútboði í Føroya Banka

Tuttugu prósent hlutfjár munu falla almennum fjárfestum í skaut.

Fagfjárfestum og öðrum stórum fjárfestum býðst að kaupa um 80 prósent þess hlutfjár sem færæyska landsstjórnin ætlar að selja í hlutfjárútboði Føroya Banka sem hófst í þremur löndum á mánudaginn. Almennigur og aðrir smærri fjárfestar fá því um fimmtungsskerf í sinn hlut en íslenskum fjárfestum stendur til boða að kaupa hlutabréf í útboðinu í gegnum Landsbankann.

Jakob Fink, verkefnastjóri hjá Handelsbanken Capital Markets í Kaupmannahöfn, segir það alvanalegt fyrirkomulag við frumskráningar að meira falli í skaut fagfjárfestum en almennum fjárfestum. „Að jafnaði fá almennir fjárfestar um 10-15 prósent í sinn hlut við frumútboð í Vestur-Evrópu og Skandinavíu. Þannig að 20 prósent er því nokkru meira en venjan er.“

Færæyska ríkið hyggst selja allt að 6,6 milljónir hluta eða um 66,6 prósent hlutfjár. Heildarvirði útboðsins gæti því orðið allt að 14,3 milljarðar íslenskra króna miðað við að útboðsgengi verði 189 danskar krónur að lokinni áskriftasöfnun (book-building).

Þæpir 2,9 milljarðar koma því til skiptanna hjá almennum fjárfestum í þremur löndum ef allt hlutafé Føroya Banka selst. - eþa

**TrackWell**  
FORÐASTÝRING

Flotaeftirlit – tækjanotkun og aksturslagsgreining

www.trackwell.com

120 1886 2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrissreikingar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 14,6%\*

GBP 7,1%\*

USD 6,7%\*

EUR 5,5%\*


**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru rekur af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluáðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðsýsingar og útdráttar úr útboðsýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

\* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. maí – 31. maí 2007.





VIÐBRAGÐSFLÝTIR  
SKILAR ÁRANGRI

Í viðskiptum skiptir öllu máli að geta brugðist hratt við þegar tækifæri gefast. Þess vegna þarf fyrirtækið þitt viðbragðsfljóttan samstarfsaðila í fjármálum.

**FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA GLITNIS LEGGUR ÁHERSLU Á HRAÐA OG ÖRUGGA ÞJÓNUSTU.**

**GLITNIR**

## Til bjargar reykingafólki

Breski bjórframleiðandinn Fuller, Smith & Turner, sem rekur um 200 bari og sex hótél í Bretlandi, ætlar að verja sem nemur hálfum milljarði íslenskra króna til að bæta aðstöðu fyrir reykingafólk fyrir utan krár sínar og knæpur. Reykingabann tekur gildi 1. júlí næstkomandi í Bretlandi og verður þá öllum reykingamönnum úthýst af börum landsins.



**SÍÐASTI SMÓKURINN**  
Breskur bjórframleiðandi ætlar að bæta úr aðstöðuleysi reykingafólks utan við krár í landinu fyrir hálfan milljarð króna.  
MARKAÐURINN/AFP

leiðandans er að setja upp skyggni og stórar sóhlíf- ar utan við staði fyrirtækisins í Bretlandi og létta þannig reykingamönnum lífið. Þá er sömu- leiðis horft til þess að halda í við sölu á bjór undir merkjum fyrirtækisins, sem skilaði 22,1 milljónar punda hagnaði á fyrsta ársfjórðungi. Það jafngildir 2,8 milljörðum króna, sem er 23 prósentu aukning á milli ára.

- jab

## Forstjórinn fékk væna launahækkun

Stuart Rose, forstjóri bresku verslanakeðjunnar Marks & Spencer, ætti að hafa tilefni til að brosa þessa dagana. Rose fékk 7,8 milljónir punda í laun og bónusgreiðslur í fyrra. Þetta jafngildir rúmum 990 milljónum íslenskra króna, sem er 68 prósentu launahækkun á milli ára.

Um þriðjungur var beinar launagreiðslur í reiðufé. Þær námu 2,6 milljónum punda, jafnvirði 330 milljóna króna. Bónusgreiðslurnar eru hámark þess sem hann getur fengið samkvæmt ráðningarsamningi en þær hljóða upp á fjórföld laun.

Rose, sem tók við forstjóra-



stólum árið 2004, er þakkaður góður árangur verslanakeðjunnar, sem tók skrefið upp á við sama ár og skilaði hagnaðaraukningu upp á tæp 29 prósent í fyrra.

Þrátt fyrir vænt launaumslag á hann enn eitthvað inni því í ráðningarsamningi hans er kveðið á um að hann fái bónusgreiðslur upp á átta milljónir punda, rétt rúman einn milljarð króna, í reiðufé og hlutabréfum aukist hagnaður verslunarinnar um tíu prósent að lágmarki á ári.

- jab

**FORSTJÓRI STILLIR SÉR UPP** Stuart Rose, forstjóri bresku verslanakeðjunnar Marks & Spencer, fékk jafnvirði 990 milljóna króna í laun og aðrar greiðslur í fyrra.

MARKAÐURINN/AFP

## Vilja ekki kaupa ABN Amro

Bandaríski fjárfestingasjóðurinn Atticus þrýsti á stjórnendur breska bankans Barclays að draga yfirtökutilboð sitt í hollenska bankann ABN Amro til baka.

Atticus kom í hluthafahóp Barclays í síðustu viku eftir kaup á eins prósentu hlut í bankanum. Segir í opnu bréfi sjóðsins til Marcus Agius, stjórnarformanns Barclays, sem Atticus birti í breska dagblaðinu Financial Times, að hætta sé á að verðmiðinn fyrir ABN Amro verði Barclays dýr.

Í bréfinu kom fram að Barclays muni gefa út nýtt hlutafé vegna kaupanna, sem hljóði upp á 65 milljarða evra, jafnvirði 5.600 milljarða íslenskra króna. Það jafngildir 15-földum hagnaði



**EITT ÚTIBÚA ABN AMRO** Nýir hluthafar breska bankans Barclays vilja að hann hætti við yfirtöku á hollenska bankanum ABN Amro.  
MARKAÐURINN/AFP

ABN Amro. Atticus segir þetta of stóran bita fyrir Barclays að kyngja þar sem samlegð með bönkunum tveimur sé lítil. Að mati Atticus eru horfur á að samlegðin sé meiri hjá Royal Bank of Scotland og ABN Amro og því séu líkur á að skoski bankinn og með- bjóðendur hans hækki tilboðið til að tryggja sér bankann.

- jab



**FYRIR UTAN EINA VERSLUN TESCO** Breski stórmarkaðurinn Tesco ætlar sér stóra hluti á breskum garðvörumarkaði. Verslun með garðvöru í Bretlandi hefur aukist mikið undanfarin ár og er veltan nú rúmir 600 milljarðar króna á ári.

MARKAÐURINN/AFP

## Tesco býður í Dobbies

Breski stórmarkaðurinn Tesco ætlar sér stóra hluti með kaupum á garðvörukeðju. Kaupin vekja reiði í Bretlandi.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson  
skrifar

Breska stórmarkaðakeðjan Tesco, sú stærsta í Bretlandi, hefur gert yfirtökutilboð í skosku garðvörukeðjuna Dobbies Garden Centres. Tilboðið hljóðar upp á 155,6 milljónir punda, rúma 19,7 milljarða íslenskra króna. Gangi kaupin í gegn verða þetta fyrstu skref stórmarkaðarinnar utan matvöru- geirans.

Markaður með garðvörur hvers konar hefur vaxið mikið í Bretlandi síðustu ár og veltir hann nú um fimm milljörðum punda, jafnvirði 635 milljörðum króna, á ári hverju. Terry Leahy, forstjóri Tesco, segir fyrirtækið horfa til þess að hagnast vel á kaupunum.

Breska dagblaðið Guardian hefur eftir breskum sérfræðingi í smásöluverslun að gangi kaupin á Dobbies í gegn verði þau hlutfallslega smá í sniðum fyrir stórmarkað á borð við Tesco. Jafngildi kaupverðið tekjum verslanakeðjunnar í tvo daga. Hann telur líklegt að viðskiptin marki fyrstu spor Tesco í frekari fyrirtækjakaupum utan matvörugeirans.

Guardian segir bresku umhverfissamtökin Friends of the Earth hins vegar ævareid. Þau segja innkomu Tesco í garðvörugeirann merki um að stórmarkaðurinn ætli sér aukin yfirráð í Bretlandi. Benda

þau á að Tesco hafi þegar rúmlega þrjátíu prósentu markaðshlutdeild á breskum matvörumarkaði og stefni hraðbyri að því að ná ráðandi stöðu í fleiri geirum. Hefur blaðið eftir talsmanni samtakanna að kaupin muni vafalítið draga úr samkeppni á breskum garðvörumarkaði.

Dobbies rekur 21 verslun undir merkjum keðjunnar víðs vegar um Bretland og selur meðal annars moltukassa, sólþalla og ýmsar aðrar vörur fyrir garðinn.

Hluthafar Dobbies eiga þó enn eftir að samþykkja viðskiptin, sem hljóða upp á 1.500 pens á hlut.

Skoski auðmaðurinn Sir Tom Hunter jók um miðjan síðasta mánuð við hlut sinn í Dobbies úr rúmum sjö prósentum í 10,6 prósent. Hunter hefur fjárfest talsvert í garðvörugeiranum á undanföllum árum. Hunter er náninn viðskiptafélagi Baugs Group en fjárfestingafélag hans tók þátt í kaupunum á House of Fraser ásamt Baugi, FL Group og fleiri fjárfestum. Þá keypti það með Baugi og fleirum garðvörukeðjuna Wyevale Garden Centres í fyrra fyrir jafnvirði fjórutíu milljarða króna og Blooms of Bressingham var keypt á þessu ári.

Breskir fjölmiðlar segja mjög líklegt að Hunter safni saman hópi fjárfesta á næstunni og muni hann í kjölfarið gera gagntilboð í garðvörukeðjuna á móti Tesco.

## Ánægja með stýrivaxtalækkun

Seðlabanki Brasilíu ákvað í síðustu viku að lækka stýrivexti um 50 punkta í 12 prósent. Bankinn hefur lækkað stýrivexti hratt síðastliðin tvö ár með það fyrir augum að blása lífi í einkaneyslu.

Hagvöxtur í Brasilíu mældist 3,7 prósent á síðasta ári og er búist við að hann verði 0,3 prósentustigum betri á þessu ári. Þá var verðbólga 3,14 prósent í fyrra. Hún liggur nú í námunda við þrjú prósent.

Ákvörðunin var í takt við spár greinenda sem þó gagnrýndu seðlabankann fyrir að fara of varlega. Þrýstu þeir á snarpari lækkun stýrivaxta til að auka einkaneyslu.

Almenn ánægja var með ákvörðun seðlabankans í vikunni og lýstu samtök iðnaðarinnar þar í landi yfir því að aðstæður hefðu nú skapast til að auka hagvöxt í landinu. Þau sögðu engu að síður



**HLUTABRÉFAMARKAÐUR Í BRASILÍU** Margir íbúa Brasilíu hafa lýst yfir ánægju með seðlabankann þar í landi sem lækkaði stýrivexti til að blása lífi í einkaneyslu.  
MARKAÐURINN/AFP

enn innistæðu fyrir frekari lækkun stýrivaxta vegna hás gengis brasilíska realsins, gjaldmiðils Brasilíu, gagnvart Bandaríkjadal. Hefði það komið illa niður á útflutningsfyrirtækjum.

- jab



ARCTIC VENTURES



ARCTIC VENTURES

## Ágæti Hluthafi (Limited Partner),

Hluthafafundur Arctic Ventures sjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 14 júní kl 16.30 á Hótel Borg í Gyllta Sal.

Veitingar í boði

Fh. Arctic Ventures  
Ragnar Þórisson



Porsche Cayenne, hátt og lágt drif staðalbúnaður.

**Við hættum ekki að leika okkur af því að við verðum gömul.  
Við verðum gömul af því að við hættum að leika okkur.**

**Porsche Cayenne.**



**PORSCHE**

**Bilabúð  
Benna**

Bilabúð Benna - Vagnhöfða 23  
Sími 590 2000 - [www.porsche.is](http://www.porsche.is)



STJÓRN ACTAVIS Á SÍÐASTA AÐALFUNDI Róbert Wessman, forstjóri og stjórnarmaður í Actavis, Björgólfur Thor Björgólfsson stjórnarformaður og Sindri Sindrason stjórnarmaður.

# Hærra tilboðs vænst frá Novator

Allt annað en lognmolla hefur ríkt í kringum Actavis frá því yfirtökutilboð barst frá Novator í maí. Ákvörðun stjórnar félagsins á föstudag um að mæla gegn tilboðinu glæddi umræðuna og viðskipti með bréf í félaginu nýju lífi.

Hólmfríður Helga Sigurðardóttir spáir í næstu kafla Actavis-sögunnar.

**H**inn 10. maí tilkynnti Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Actavis, að hann vildi yfirtaka félagið. Sagðist hann ætla að formbreyta Actavis. Hann ætlaði að stytta og einfalda ferli ákvarðana. Félagið yrði meðal annars skráð af markaði. Þetta teldi hann félaginu mikilvægt svo það héldi áfram að vaxa hratt og vera samkeppnishæft á grimmum markaðnum með samheitalyf.

Yfirtökutilboð Novators tók gildi 5. júní og stendur opið til 3. júlí. Það hljóðaði upp á 0,98 evrur á hlut sem nemur um 84 krónum á hlutinn. Miðað við það gengi yrði heildarkaupverðið rúmum 174 milljarðar króna.

Síðastliðinn föstudag mælti stjórn Actavis gegn því að hluthafar tækju tilboði Novators í félagið. Það kom af stað nýrri bylgju vangaveltna um hvernig þeirri atburðarás lyktar sem svo margir fylgjast nú náið með.

## SÖGUR Á KREIKI

Ómögulegt er að loka augum og eyrum fyrir öllum þeim sögum sem sprottið hafa upp í kringum tilboðsferlið. Margir álíta ferlið allt eitt stórt sjónarspil. Telja þeir ekki ólíklegt að Björgólfur Thor hafi vitað frá upphafi að hann yrði að hækka upphaflegt boð sitt í félagið.

Meðal margra fjárfesta gætti efasemda um hæfi stjórnar Actavis til að meta tilboðið frá Novator, jafnvel þótt hún hygðist leita til óháðs banka eftir hjálp. Þeir Andri Sveinsson, fjármálastjóri Novators, Róbert Wessman forstjóri og að sjálfsögu stjórnarformaðurinn Björgólfur sögðu sig frá því ferli af skiljanlegum ástæðum.

Eftir stóðu þeir Sindri Sindrason, Magnús Þorsteinsson og Baldur Guðnason. Allir hafa þeir á einn eða annan hátt töluverð viðskiptatengsl við Björgólf. Magnús fjárfesti meðal annars með þeim Björgólfsfeðgum í bjórverskmiðjunni Bravo í Rússlandi sem lagði grunninn að auðæfum þeirra. Þá er hann jafnframt stærsti hluthafi í Eimskipafélaginu þar sem Björgólfur Thor er einnig stór hluthafi. Baldur er forstjóri Eimskipafélagsins. Sindri er fyrrverandi forstjóri Pharmaco og náinn viðskiptafélagi föður Björgólfs Thors, Björgólfs Guðmundssonar. Það kom því mörgum á óvart að stjórnarmennirnir þrír skyldu hafa metið yfirtökutilboð Björgólfs Thors of lágt og ráðlagt fjárfestum frá því að samþykkja það. Jafnvel eftir það heyrast þó þær raddir að álit stjórnarinnar sé enn eitt útpílið í yfirtökuleik Björgólfs.

## FENGU GÖGNIN AFHENT

Mat stjórnarinnar virtist jafnvel koma Novator-mönnum á óvart. Þegar þangað var leitað eftir viðbrögðum við álit stjórnarinnar fyrir helgi fengust þau svör að félagið skorti upplýsingar til að tjá sig frekar um álit stjórnarinnar og næstu skref. „Okkur hefur ekki gefist tækifæri til að ræða við stjórn Actavis. Yfirlýsingin frá henni er ekki mjög ítarleg. Þar kemur ekki fram hvaða forsendur liggja að baki ákvörðuninni,“ sagði Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Novators, við það tækifæri. „Við munum skoða stöðuna þegar þær upplýsingar liggja fyrir.“

Sindri Sindrason, einn stjórnarmannanna þriggja, segir aftur á móti að Novator hafi borist gögn og forsendur frá stjórninni og JP Morgan, áður en álitíð var gert

opinbert á föstudag. „Við vorum búin að hittast og fara yfir málin. Ég tel því að ekkert hafi átt að koma þeim á óvart í útgáfu álits okkar. Það lá fyrir að okkur þætti þetta tilboð ekki ásættanlegt.“

## STJÓRNIN FYLGIR JP MORGAN

Sindri segir stjórnina hafa verið samstiga í álitinu sem gefið var út á föstudaginn. Einhugur hafi ríkt allt frá byrjun meðal allra stjórnarmanna um að leita ráðgjafar erlends matsaðila sem væri vel þekktur. Í kjölfarið hafi verið samið við JP Morgan. Eins og komið hefur fram mat bankinn tilboðið svo að verðið sé ekki nægilega hátt og endurspegli ekki virði félagsins.

Sindri segir að berist annað tilboð frá Novator muni sama ferli fara í gang. Stjórnin muni áfram fylgja ráðleggingum JP Morgan. „Það tilboð sem við getum mælt með verður að hafa fengið jákvæða umsögn frá JP Morgan. Bankinn telur að verðið þurfi að liggja á ákveðnu bili. Það er ljóst að tilboðið sem nú liggur fyrir hefur ekki legið á því.“ Hann segir álit JP Morgan ekki hafa komið stjórninni sérstaklega á óvart og hafa verið í ætt við það sem hún sá fyrir.

## NÝTT TILBOÐ Í VIKUNNI?

Á milli Novators og JP Morgan standa nú yfir viðræður um forsendur þess mats sem stjórnin byggði álit sitt á. Almennt er búist við að þær viðræður muni ekki taka langan tíma. Formlegt tilboð Novators tók gildi 5. júní og gildir til 3. júlí. Í skilmálum þess kemur fram að ef breyta á tilboðinu innan tilboðsfrestsins verður að gera það á fyrstu tveimur vikum hans. Ella bætast tvær vikur við heildarfrest-

inn. Við því er að búast að Novator vilji síður lengja ferlið um tvær vikur og leggi því kapp á að ákvarða næsta skref fyrir lok þessarar viku.

## HÆRRA TILBOÐS VÆNST

Gríðarmikil velta hefur verið með bréf í Actavis á undanförmum vikum. Gengi bréfanna hefur hækkað úr 78,2 krónum á hlut, sem var lokagengi daginn áður en óformlegt tilboð var lagt fram þann 9. maí, í 88 krónum á hlut, sem var upphafsgengi bréfa félagsins í Kauphöll Íslands í gær. Það er rúmlega tólf prósentu hækkan.

Viðskiptin með Actavis gefa til kynna að margir fjárfestar búist við því að hærra tilboð eigi eftir að berast frá Björgólfi. Viðbrögð stærstu hluthafa í félaginu hafa að öllum líkindum styrkt fjárfesta í trúnni um að tilboðið hafi verið of lágt. Enginn þeirra hefur lýst yfir beinum stuðningi við það. Nokkrir af lífeyris-sjóðunum sem halda utan um stóra hluti hafa sagt að tilboðið þyrfti að vera töluvert hærra til að þeir séu tilbúnir að segja skilið við Actavis.

Sérfræðingar hjá greiningadeildum bankanna, innlendum sem erlendum, virðast einnig búast við að næsti kafla Actavis-sögunnar muni snúast um hærra tilboð frá Novator. Er talið líklegt að það verði á bilinu níutíu til 95 krónur á hlut. Líkurnar á að þriðji aðili komi inn í ferlið og geri tilboð í félagið eru taldar hverfandi. Sjálfur hefur Björgólfur Thor sagt að hann muni ekki selja sinn 38,5 prósentu hlut, berist annað tilboð í félagið. Staða hans er sterk. Virðast flestir sammála um að hann stjórni ferðinni í raun.



GENIUS

## Samþætting upplýsingakerfa

Próun og rekstur á XML vefþjónustum án forritunar

mentis HUGBÚNAÐUR

Microsoft  
CERTIFIED  
Partner

# Fljúgum hærra!


SPRON Verðbréf halda áfram að hækka flugið og eru enn sem fyrr með langhæstu ávöxtun sambærilegra sjóða á markaði eða **15,3%**.

**Peningamarkaðssjóður SPRON** hefur það markmið að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hann hentar því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en njóta samt stöðugrar ávöxtunar. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er algjörlega óbundin.

Kynntu þér málið nánar á **spronverdbref.is**



**SPRON Verðbréf**  
**Peningamarkaðssjóður SPRON**  
**15,3% ávöxtun\***



75 ára

**spron**  
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

\*Nafnávöxtun miðast við 31.ágúst 2006 til 31.maí 2007, uppreiknað á ársgrundvelli.  
Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is.  
Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum. Tölur samkeppnisaðila eru unnar úr gögnum frá www.sjodir.is.

**ÚRVÖRUHÓTELI EIMSKIPS** Birgðastýring er mikilvægur liður í rekstri fyrirtækja enda getur þar skilið á milli feigs og ófeigs.

MARKAÐURINN/ÞJETUR



**Þótt vörustjórnun hafi ekki verið ofarlega í hugum fólks upp á síðkastið er hugtakið ævafornt og, líkt og svo margt annað sem þarf að ganga með sem skilvirkustum og árangursríkustum hætti, upprunnið í hernaði. Talið er að sögu þess megi rekja allt til daga Grikkja og Rómverja en í þá daga voru uppi sérstakir herforingjar, logistikas, sem höfðu þann starfa einn að sjá um birgðastýringu á fjármagni og fæðu handa hermönnum á meðan á stríði stóð.**

## Vörustjórnun - Blóðrás

Ýmist má kalla vörustjórnun hjarta eða lífæð fyrirtækja. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson leit inn á norræna á vörustjórnun og drakk í sig þekkingu á því sem skilur á milli feigs og ófeigs í rekstri fyrirtækja. Þar fræddi sem er fyrirtækjum nauðsynleg ætli þau að komast af í hörðum og síbreytilegum heimi.

**Þ**ó að öllu jöfnu fari lítið fyrir hugtakinu vörustjórnun er það mikilvægt fyrir fyrirtæki, ef ekki lífsnauðsynlegur hluti af rekstri þeirra.

Lítið hefur farið fyrir vörustjórnun í íslensku viðskiptalífi. Einungis þrjú Íslendingar flagga doktorsgráðu í þessum geira. Tveir þeirra skipulögðu árlega ráðstefnu á sviði vörustjórnunar ([www.nofoma.org](http://www.nofoma.org)) í síðustu viku, þeir dr. Árni Halldórsson, dósent við háskólann í Southampton í Bretlandi og stundakennari við Háskólann í Reykjavík, og dr. Gunnar Stefánsson, dósent við verkfræðideild Háskóla Íslands og stundakennari við Chalmers-háskólann í Gautaborg í Svíþjóð. Sá þriðji heitir Sveinn Viðar Guðmundsson og starfar í Toulouse í Frakklandi og hefur meðal annars unnið að ráðgjafastörfum fyrir flugvélasmiðjur Airbus í Evrópu. Nofoma-ráðstefnan var haldin í samvinnu HR og HÍ og kynntar voru tæplega 100 ritrýndar greinar eftir fræðimenn frá ýmsum háskólum Norðurlandanna ásamt fræðimönnum frá Kanada, Bandaríkjunum, Portúgal, Austurríki, Bretlandi og Þýskalandi.

### VÖRU HVAD...?

Með vörustjórnun er átt við stjórnun á flæði birgða og upplýsinga. Hugtakið er nokkuð víðtækt enda getur það átt við allt frá kaupum fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum á vöru frá birgjum til dreifingar vörunnar með sem hagkvæmstum hætti. Að sama skapi getur hugtakið sömuleiðis náð til stjórnunar á hjálparsendingum frá einu landi með sem skjóttustum og skilvirkustum hætti til þeirra sem eru í nauð. Þótt vörustjórnun hafi ekki verið ofarlega í hugum fólks upp á síðkastið er hún ævafornt og, líkt og svo margt annað sem þarf að ganga með sem skilvirkustum og árangursríkustum hætti, upprunnið í hernaði. Talið er að sögu vörustjórnunar megi rekja allt til daga Grikkja og Rómverja en í þá daga voru uppi sérstakir herforingjar, logistikas, sem höfðu þann starfa einan að sjá um birgðastýringu á fjármagni og fæðu handa hermönnum á meðan á stríði stóð.

Mikilvægi stjórnunar sem þessarar í hernaði hefur síst minnkað eftir því sem nær nútímanum hefur dregið. Það kom vel í ljós í seinni heimsstyrjöldinni. Tafir á afhendingu stríðstóla gátu haft alvarlegar afleiðingar

enda skiptu þar mannlíf máli. Með góðri vörustjórnun tókst því að koma í veg fyrir óþarfa mannfall úr röðum hermanna.

### VÖRUSTJÓRNUN Í NÝJUM HÆÐUM

Brautargengi vörustjórnunar óx mjög í kjölfar heimsstyrjaldarinnar og festi rætur í viðskiptalífinu á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar. Upp frá því hefur það þróast talsvert, ekki síst vegna tilkomu betri samgangna í lofti sem á láði og alþjóðavæðingarinnar sem hefur orðið til þess að þrýst er á fyrirtæki að þau leiti allra leiða til að lækka kostnað eða heyra ella sögunni til.

Efalítið á alþjóðavæðingin og þróun í upplýsingatækni stóran þátt í sívaxandi mikilvægi vörustjórnunar. Þörfin fyrir lækkanði rekstrarkostnað hefur kallað á flutning á framleiðslu fyrirtækja til staða og landa þar sem vinnuafli er ódýrari. Það hefur aftur kallað á viðamikla skipulagningu og skilvirkari afgreiðslu. Þetta fer þó allt eftir stærð fyrirtækjanna og umfangi þeirra.

Algengasta merking vörustjórnunar í nútímanum er komin langt út fyrir herfræðilegan þankagang og einskorðast nær eingöngu

## Wal-Mart: Leiðandi í dreifingu og tækni

Að öðrum fyrirtækjum ólóstuðum hefur bandaríski verslanarísinn Wal-Mart markað braut á sviði vörustjórnunar í rúm fjóru tíu ár. Fyrirtækið hefur staðið sig vel við innleiðingu á upplýsingatækni til að fylgjast með birgðaflæði í vöruhúsum auk þess sem miðlægt dreifikerfi fyrirtækisins þykir til fyrirmyndar. Hafa mörg stórfyrirtæki fetað í fótspor bandaríska risans jafnt hérlandis sem í Evrópu.

Dreifikerfi Wal-Mart er þannig að fyrirtækið hefur byggt upp sínar eigin dreifingastöðvar. Vörur eru keyrðar inn í vöruhús fyrirtækisins í Bentonville í Arkansas í Bandaríkjunum og dreift þaðan áfram til smærri miðstöðva og verslana. Með flutningi á eigin vörum falla niður margir milli-liðir, svo sem heildsalarinn. Með því að selja vöruna svo í stórum einingum fæst enn meiri hagkvæmni. Mörg fyrirtæki í smá-

sölugeiranum hafa tekið þetta upp eftir Wal-Mart, svo sem Ad-föng, stærsta og fullkomnasta birgða- og dreifingarstöð landsins sem kaupir inn og sér um birgðahald og dreifingu fyrir matvöruverslanir Haga.

### TÆKNIVÆTT WAL-MART

Árið 1987 varði Wal-Mart háum fjárhæðum í fjárfestingar á tæknibúnaði til að samtengja allar starfsstöðvar og vöru-


hús keðjunnar um allan heim. Nýtti keðjan sér gervihnetti til að tengjast höfuðstöðvunum í Bentonville. Með þessu móti var hægt að hafa auga með vöruveltu og koma skilaboðum áleiðis á augabragði.

Tækninni hefur fleytt fram og í dag er vörustjórnun í vöruhúsi Wal-Mart í Bentonville sjálfvirk kerfi sem nemur strikamerkingar á vöru frá þeim þúsundum birgja sem keðjan verslar við. Vöru frá birgjum fara úr flutningabilum inn á rúllubretti sem flytur þær innar í vöruhús Wal-Mart.

Annað rafauga nemur þær og flytur þær á sinn stað. Svona gengur ferlið þar til varan endar í hillu verslunar.

En þar með er aðeins hálf sagan sögð því þegar viðskiptavinur kaupir fyrir vöruna er henni rennt framhjá enn einu rafauganu við kassann. Þaðan fara skilaboð um kerfi Wal-Mart og enda á borði birgisins, sem byrjar á ný að senda vörur áleiðis til Wal-Mart. Kerfið er hárnákvæmt og sér til þess, að nokkuð jafnt vöruflæði skapast í vöruhúsum Wal-Mart og verslunum.





## Vörn gegn brunaslysum frá Danfoss Termix One tengigrind til hitunar á neysluvatni

- Stillanlegt hitastig neysluvatns
- Stórminnkar slyshættu af völdum heita neysluvatnsins
- Jafn þrýstingur á heitu og köldu neysluvatni, lengir líftíma blöndunartækja
- Léttari þrif, enginn kísill á flísum og hreinlætistækjum
- Vönduð vara, lítil viðhaldskostnaður
- Áralöng reynsla stjórnbúnaðar við íslenskar hitaveituaðstæður
- Auðveld í uppsetningu
- Snyrtileg hlíf fylgir

Danfoss

www.danfoss.is



www.stillumhitann.is

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

# verk að vinna

MIÐVIKUDAGUR 13. JÚNÍ 2007



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



# 130 m á hæð

„GP krana eiga á annan tug bílakrafa af öllum stærðum og gerðum. Við eigum að baki langa og farsæla vinnu fyrir fjölda fyrirtækja á Íslandi og þegar við þurfum fjármögnun er Lýsing það fyrirtæki sem besta þjónustu veitir. Starfsfólk Lýsingar sinnir þörfum viðskiptavina sinna.“

Gunnþór Kristjánsson forstjóri, GP krana

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja viðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsníðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

## Íbúðum fjölgað í Spöng og Hlíðarenda

Í breytingartillögu við aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024 er lagt til að mun fleiri íbúðir verði byggðar í Spönginni og Hlíðarenda en áður hafði verið gert ráð fyrir.

Tillagan gerir ráð fyrir að mögulegt verði að byggja um 300 íbúðir á Hlíðarenda við Vatnsnýri í stað 170 íbúða áður. Allar íbúðirnar verða sem fyrr í fjölbýlishúsum. Endurskoðuð tillaga felur einnig í sér að íbúðarhúsnæði er ekki lengur staðsett næst fyrirhugaðri stofnbraut heldur innar á svæðinu, sem skapar betri hljóðvist í væntanlegri íbúðarbyggð.

Skilgreindur er nýr þéttingarreitir fyrir íbúðarbyggð í austurhluta Spangarinnar við Fróðengi, þar sem gert er ráð fyrir allt að 150 nýjum íbúðum fyrir eldri borgara. Tillagan gerir einnig ráð fyrir að miðsvæði í austurhluta Spangarinnar stækki til suðurs að Borgarvegi, inn á svæði

sem áður var opið svæði til sérstakra nota. Mörk íbúðarsvæðis, við Fróðengi og Gullengi, og stofnanasvæðis Borgarholtskóla breytast til samræmis við raunveruleg lóðamörk í dag. Tengistígur á mörkum íbúðarsvæðisins og stofnanasvæðisins færast til suðurs að lóðamörkunum, til samræmis við raunverulega legu stígsins í dag.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8.20–16.15, frá 6. júní 2007 til og með 18. júlí 2007.

Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@rvk.is, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 18. júlí 2007. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Sjá [www.rvk.is](http://www.rvk.is).



Skarphéðinn Smith er framkvæmdastjóri G. Sigurðssonar. Hann segir að vinsældir rafmagnsstýrikerfa hafi aukist gríðarlega undanfarið ár enda séu nánast engin takmörk fyrir því hverju hægt sé að stýra í gegnum snertiskjá eins og þann sem er á veggnum við hlið Skarphéðins.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## Rafstýrð heimili nútímans

Fyrirtækið S. Guðjónsson opnaði nýverið verslunina Prodomo í Hlíðarsmára og er þar boðið upp á fullkomið rafmagnsstýrikerfi fyrir heimili. Skarphéðinn Smith, framkvæmdastjóri S. Guðjónssonar, segir nánast engin takmörk fyrir því hverju hægt sé að stýra í gegnum kerfin.

Í Prodomo er hægt að fá snertiskjá innfella í vegg heimilisins og stýra í gegnum þá flestum hlutum sem snúa að daglegri notkun rafbúnaðar. „Það eru í raun voðalega lítil takmörk fyrir því sem hægt er að gera þegar um alvöru kerfi er að ræða,“ segir Skarphéðinn og bætir því við að í raun séu það yfirleitt fjórir grunnþætt-

ir sem fólk sækist helst eftir í stýrikerfinu. „Það eru ljósastýring, hitastýring, gluggatjöld og öryggiskerfi. Stýrikerfið er mjög einfalt í notkun þannig að hver sem er getur lært á það án mikillar fyrirhafnar,“ segir Skarphéðinn og tekur fram að nauðsynlegt sé að setja stærri kerfin upp meðan húsið er enn á byggingarstigi því sérstakar lagnir þurfi fyrir þau og því flókið að setja þau upp eftir á. „Í eldri hús er þó hægt að setja upp fjarstýringu fyrir ljós og gluggatjöld án þess að fara í miklar framkvæmdir.“

Skarphéðinn segir að Istabuskerfið frá þýska framleiðandanum GIRA sé mjög vinsælt enda bjóði

það upp á fullkomna hitastýringu og einnig er hægt að opna og loka gluggum með kerfinu og skoða ástand hússins á stórum snertiskjá. „Það er hægt að sjá hitastig í hverju rými hússins, hvort slökkt eða kveikt sé á ljósum og gluggatjöldin dregin fyrir. Þá er einnig möguleiki að tengja hljóðkerfisláusnir við kerfið og tengja hvert herbergi inn á miðlægan tónlistar-netþjón svo hver og einn geti valið sér þá tónlist sem hann vill hlusta á.“

Skarphéðinn segir slík stýrikerfi mjög vinsæl og að undanfarið ár hafi orðið algjör sprenging á þessum markaði.

[sigidurh@frettabladid.is](mailto:sigidurh@frettabladid.is)



Ný tillaga er um að byggðar verði fleiri íbúðir í Spönginni og Hlíðarenda en áður var gert ráð fyrir.

## Má bjóða þér heim?

Smíðum vönduð hlið fyrir sumarhúsa- og landeigendur. Fyrirliggjandi á lager.



Vel þarf að vanda það sem lengi á að standa

Teknis ehf. Miðhrauni 8 210 Garðabær Sími 565 7390 [www.tekn.is](http://www.tekn.is)





Kerfisloft



Svalagler



Steypumót



Gámaeiningar



Stálgrindarhús



Felliveggir



Gler og glerlausnir

Ertu í framkvæmdahug?



Hleðslubryr

# formaco

Fossaleyni 8 · 112 Reykjavík · Sími 577 2050 · Fax 577 2055 · [www.formaco.is](http://www.formaco.is) · [formaco@formaco.is](mailto:formaco@formaco.is)




Aksturs- og iðnaðarhurðir



Gluggar og hurðir



Girðingar



Stigar



Kranar og vinnulyftur

**Sólskálar - Garðhús**  
Yfir 20 ára reynsla

Íslensk framleiðsla  
Íslensk hönnun  
Sérsmíði

www.solskalar.is  
solskalar@solskalar.is  
Sími: 154 4300 - Sæðisá 10 - 210 Garðabær

**GLUGGAR & GARÐHÚS ehf**



Skúli Hersteinn er sölustjóri HTH hjá Ormsson. Hann segir innréttingarnar frá HTH hafa notið vinsælda hér á landi frá því þær komu hingað fyrst en vinsældirnar aukist mjög á undanförmum árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## HB Lightning Stadium Sport. Öflugur brautar keppnisbíl, verði 37.800,-.



Tómsundahúsið Nethyl 2, sími 5870600,  
www.tomstundahusid.is

## Vinsælar í þrjátíu ár

Hinar dönsku HTH-innréttingar hafa verið gríðarlega vinsælar hér á landi undanfarin ár og þykja mjög góðar. Skúli Hersteinn, sölustjóri HTH hjá Ormsson, segir ástæður þessara vinsælda fjölmargar.

„HTH hefur verið sterkt merki á markaðnum í fjölmörg ár og hefur fengist hér á landi í þrjátíu ár,“ segir Skúli en Ormsson tók við umboðinu árið 1999. „Síðan þá höfum við náð mjög góðu samkomulagi við marga af stærstu byggingaverktökum landsins. Helstu ástæðurnar fyrir því eru að við erum með góða vöru á fínu verði og afgreiðsluöryggi,“ bætir hann við.

Skúli segir HTH-merkið vera tvískipt. „Það er annars vegar

rauða línan sem verktakar kaupa og eru samsettar einingar en hins vegar gula línan sem fæst í Ormsson í Smáralind og fólk setur saman sjálf,“ segir Skúli og tekur fram að sömu gæði séu í skápnum þó að útlitið geti verið eitthvað breytilegt milli línanna.

Innréttingarnar frá HTH eru mjög þægilegar í notkun og segir Skúli þær vera með öllum þeim búnaði sem þrýði góðar innréttingar. „Það eru skúffur með dempurum og útdraganlegar einingar í skápum. Síðan er það mikill kostur að við bjóðum upp á innréttingar í öll herbergi hússins,“ segir Skúli og nefnir þar eldhúsinnréttingar, fataskápa, innréttingar í þvottahús og fleira.

Skúli tekur fram að verktakar séu mjög ánægðir með þá aðstöðu sem þeir geti boðið viðskiptavinum sínum upp á í Ormsson. „Fólk getur komið til okkar, gengið um salinn og skoðað bæði innréttingar og raftæki. Síðan er persónuleg þjónusta við hvern viðskiptavin fyrir sig. Hver og einn getur gert breytingar frá þeirri staðalinnréttingu sem verktakinn leggur upp með og margir notfæra sér þann möguleika,“ segir Skúli og bætir því við að það hafi líka mjög mikið að segja að fyrirtækið standi við allt sem sagt er varðandi afhendingartíma og annað slíkt. „Við erum einfaldlega með góða vöru, gott verð og góða þjónustu,“ segir Skúli.

sigridurh@frettabladid.is

## Byggt í Hólmavík

Fram undan eru húsbyggingar í Hólmavík eftir því sem fram kemur á fréttavefsíðunni www.strandir.is. Þar segir að skortur hafi verið á íbúðarhúsnæði í þorpinu. Nýlega hafi sveitarstjórn Strandabyggðar úthlutað síðustu skipulögðu einbýlishúsalóðinni við Lækjartún og einnig sé fyrirhugað að stofnað verði félag sem hefur á

stefnuskránni að reisa einingahús á Hólmavík. Að því félagi standi Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Hólmadrangur ehf., Sparisjóður Strandamanna og Trésmiðjan Höfði ehf.

Eru taldar líkur á að félagið hefjist handa við að reisa tvær til fjórar íbúðir strax á þessu ári sem fyrirhugað sé að selja.



Skortur hefur verið á íbúðarhúsnæði á Hólmavík.

**pgv**

**GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR ...**

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚJ NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND- OG VATNSPÉTUNG

PGV ehf. sérhæfir sig í smíði glugga, hurða, sólstofa og svalalokanna úr PVC-u

Öllum framleiðsluvörum PGV fylgir 10 ára ábyrgð

Gluggarnir eru viðhaldsfríir og á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds

PGV ehf. | Bæjarhrauni 6 | 220 Hafnafjörður | Sími: 564 6080 | Fax: 564 6081 | www.pgv.is

## ÖFLUGAR RAFSTÖÐVAR OG DÆLUR

Eigum á lager bensín- og dieseldrífna rafstöðvar 1-60 kw. Einnig fáanlegar í hljóðeinangruðum húsum.

Eigum á lager öflugar bensín- eða dieseldrífna dælur til allra verka – fyrir verktaka og aðra. Afkastageta: 500-1800 lítrar á mínútu, 2-4 tommu.

Stuttur afgreiðslutími á sérþöntunum



Skeifan 3  
108 Reykjavík  
Sími 588 5080  
www.dynjandi.is

**DYNJANDI**  
allt fyrir öryggið

**Enn lægra verð!**



Borðstofustóll með 1 áklæði  
**6.900,-**  
Auka áklæði 2.500,-

# ÚTSÖLULOK

**13. 14. og 15. júní**  
**Allt á að seljast!**

25% afsláttur af fylgihlutum



Stakar dýnur frá:  
**7.900,-**



**20-70% afsláttur**



**29.900,-**  
Queen dýna

3ja sæta sófar frá **29.900,-**

Heilsudýnur  
Stakar dýnur  
Náttborð  
Höfuðgaflar  
Kommóður  
Sófasett  
Smávara  
og gjafavara



**99.000,-**



**99.000,-**



[www.svefn.is](http://www.svefn.is)



Inngangur

**Klettháls 13**  
2. hæð

Sími **567 2255**

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150  
Ópið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 15:00



Fyrir breytingar. Garðurinn nýttist illa þar sem ganga þurfti hringinn í kringum húsið til að komast í hann.



Eftir breytingar. Með tilkomu svalahurðarinnar nýttist garðurinn mun betur.



„Ég bý vel að eiga kraftaverkapabba,“ segir Halla um föður sinn sem byggði pallinn góða.



„Snjólfur er hæstánægður með pallinn. Hann liggur hér og sólar sig og rekur ketti nágrannanna í burtu ef þeir koma of nálægt,“ segir Halla Sigrún, sem kann vel við sig á pallinum eins og kötturinn Snjólfur.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

## Íbúðin stækkaði um heila stofu

Halla Sigrún Sigurðardóttir lét saga svalahurð á stofuna og byggði pall sem stækkar íbúðina um þriðjung.

„Þetta er nú ekki stór íbúð og snýr í suður. Mér datt þetta því í hug um leið og ég keypti íbúðina en það tók mig þrjú ár að koma þessu í verk,“ segir Halla Sigrún Sigurðardóttir, sem lét saga svalahurð á stofuna í íbúð sinni í austurhluta borgarinnar og byggði stærðarinnar pall. „Það eru stórir garðar við húsin hér en ótrúlega illa nýttir enda þarf alltaf að hlaupa hringinn í kringum húsið til að komast í garðinn,“ segir Halla en nú getur hún gengið beint út úr stofunni á pall sem er álíka stór og stofan sjálf. „Þetta breytir íbúðinni heilmikið.

Í góðu veðri gengur þú út úr stofunni og ert kominn í aðra stofu fyrir utan. Ég var að laumast stundum til að liggja í sólbaði á grasinu, nú get ég það í skjóli frá umferðinni,“ segir Halla og brosir. Hún segir mikið af húsum með svipuðu sniði vera í götunni. Margir hafi þegar opnað út en aðrir séu að íhuga það.

Halla segir framkvæmdir hafa gengið vel. „Ég bý vel að eiga kraftaverkapabba sem var búinn að teikna eins og þrjár tillögur að pallinum og búinn að reikna út allt efni þannig að þegar við mættum í Byko lásam við bara upp listann fyrir sölumanninn og það skeiðaði aðeins einni spýtu,“ segir Halla og hlær en pallasmíðin hófst á miðvikudegi í apríl. „Pabbi var eins og verkstjóri og ég eins og handlangari og við unnum á fullu fram á sunnudag,“ segir Halla og

bætir við að sér hafi þótt gott að byggja pallinn í apríl því þá gat hún hlakkað til sumarsins.

Gatið fyrir svalahurðina var svo sagað eftir að pallurinn var kominn upp. „Það var ótrúlega lítil aðgerð, svo þurfti að stytta einn ofn og vera tilbúinn með hurð og kaupa nýtt gler í gluggann,“ útskýrir Halla. Hún segir kostnaðinn ekki hafa komið sér á óvart. Áætlunin hafi staðist að flestu leyti. „Hins vegar er það þannig þegar maður er kominn með svona fínan pall að maður þarf að kaupa sér alls konar dót á hann,“ segir Halla hlæjandi og tjáir blaðamanni að sumir vinanna séu með óraunhæfar hugmyndir um heita potta og annað fínerí. „Það verður að bíða seinni tíma og seinni palla.“

solveig@frettabladid.is

Akralind 4 201 Kópavogur

Sími 544 4656 Fax 544 4657 mhg@uniparis.is

**Leysir af hólmum K650 og K700**

Partner K1250 / Þyngd 14,6 kg / Skurðd. 14,5 cm.

Partner HP 40 bensínvirkvæðsla fyrir: Partner K2500 & Partner K3600 Þyngd 88 kg / 18 hli B&S

Partner K750 / Þyngd 9,4 kg / Skurðdýpt 10 cm  
Partner K750 / Þyngd 9,7 kg / Skurðdýpt 12,5 cm

Partner K2500 / Þyngd 8,3 kg / Skurðd. 14,5 cm.

Partner K350 / Þyngd 11,2 kg / Skurðdýpt 14,5 cm

Partner K3600 / Þyngd 7,9 kg / Skurðd. 26,3 cm.

DIMAS hand - kjarnabærir  
DIMAS hringsgarbið  
DIMAS ELD 20/ELO 45/ELO 70/ELO 90 Pur & blaut steinsögublið  
DIMAS kjarnabærir  
DIMAS kjarnabærir

**PARTNER CUTTING EXPERTS OF THE WORLD**  
The smart way. **DIMAS**

# RÝMINGARSALA

# 30-70%

afsláttur af öllum vörum í versluninni

Komdu og gerðu frábær kaup



# RÝMINGARSALA!

**mira**

**a r t**

H Ú S G Ö G N

BÆJARLIND 6  
201 KÓPAVOGI  
SÍMI 554 6300



opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 -  
bæjarlind 6 201 kópavogi sími 554 6300

Sunnudaga 13-16  
www.miraart.is

# Gluggar & hurðir

Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá **REHAU**

Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum.

Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla

Sparaðu tíma • leitaðu tilboða netfang: [gluggar@vortex.is](mailto:gluggar@vortex.is)



**Kjarnagluggar**

Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi  
sími 564 4714 • Fax 564 4713

[www.kjarnagluggar.is](http://www.kjarnagluggar.is)

**Ekkert viðhald**



E. Buchman, Reykjavík

## JSÓ Járnsmiðja Óðins ehf.

Sími 557 9300 • Fax 567 9343  
[www.jsso.is](http://www.jsso.is) • Netf: [jsso@jsso.is](mailto:jsso@jsso.is)




Vantar meira  
**pláss?**  
í geymsluna eða bílskúrinn

við höfum lausnina...

Sérhæfum okkur í að finna lausnir sem hámarka nýtingu á pláss. Komdu með hugmynd og við framkvæmum, hvort sem það er fyrir heimilið eða fyrirtækið.

Kr. 5.789,-  
Viðbótareining kr. 3.629,-



Kr. 8.985,-  
Viðbótareining kr. 6.825,-

**MEISSIEN**  
Skrúfufrítt - einfalt í uppsetningu



**Ísold ehf.**

Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík  
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

K í k t u á w w w . i s o l d . i s



Daði Þorbjörnsson segir granítsteypu hafa ýmsa kosti umfram hefðbundna steypu. Þess má geta að verið er að framleiða 340.000 rúmmetra af steypunni á Reyðarfirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Engin venjuleg steypa

**Mest hefur hafið sölu á granítsteypu sem hefur ýmsa kosti umfram hefðbundna steypu.**

„Í fyrsta lagi eru eingöngu innflutt fylliefni í steypunni, sem uppfylla íslenska staðla um fylliefnaframleiðslu. Þessi efni eru þéttari í sér og sterkari en hefðbundin íslensk fylliefni,“ segir Daði Þorbjörnsson, hjá rannsóknar- og þróunardeild Mest, um nýja gerð af steypu, svokallaða granítsteypu, sem fyrirtækið hefur nú hafið sölu á.

„Þetta skilar sér í því að töluvert minna vatn þarf í steypuna,“ heldur Daði áfram. „Efnin eru því

líklegri til að geta framleitt einseleitari steypu á milli daga, vegna þess að breytileikinn í fylliefnunum er minni en í hefðbundinni steypu.“

Minna vatn þýðir enn fremur að minna magn er af fínefnum í granítsteypunni. Rýrnun í steypunni verður þar af leiðandi minni, sem dregur töluvert úr líkum á sprungum.

Eins og Daði bendir á þornar granítsteypan fyrr vegna minna vatnsinnihalds. Það flýtir aftur fyrir ferlinu, þegar standsetja á húsnæði. Hægt er að leggja gólfefni og mála veggj mun fyrr en væri um venjulega steypu að ræða, svo dæmi séu nefnd.

„Síðan er svo sem ekkert sérstaklega hollt að búa í glænýju húsi, með rennblautri steypu,“ bendir Daði síðan á. „Maður er að miklu leyti laus við allan þann raka sem fylgir nýjum húsum, með notkun granítsteypunnar, þannig að þetta er ein besta steypa sem völ er á í heilsufarslegu tilliti.“

Að lokum nefnir Daði til sögunnar gott veður- og slitþol granítsteypunnar, en það þykir sannað með rannsóknum að hún henti einstaklega vel við íslenskar aðstæður og þoli mikla ániðslu. Bendir síðara tilvikið til þess að granítsteypan henti vel á svæðum eins og bílastæðum þar sem umferð er mikil.

[roald@frettabladid.is](mailto:roald@frettabladid.is)

## TAKTU RÉTTAN PÓL Í HÆÐINA

[www.rs.is](http://www.rs.is)

### Mikrofynd Laser ML-14i

Sjálfstíllandi laser halla/hæðarmælir í láréttu og lóðréttu plani.



**TILBOÐSPAKKI  
ML-14i LASER  
Í TÖSKU ÁSAMT ÞRÍFÆTI  
OG MÆLISTÖNG  
199.200 kr.**



**R. SIGMUNDSSON**

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000



URRIÐAHOLT



# URRIÐAHOLT

## Byggingarlóðir á besta stað í Garðabæ



### ● Verðlaunaskipulag – nýr tónn

Ný byggð í Urriðaholti í Garðabæ hefur fengið verðlaun fyrir framúrskarandi skipulag frá hinu virta arkitekta- og skipulagsfræðingafélagi, Boston Society of Architects. Í Urriðaholti hefur verið sleginn nýr tónn í skipulagi byggðar á Íslandi en hönnun skipulagsins tók alls þrjú ár enda var vandað vel til hvers einasta þáttar þess.

### ● Fjölbreytt úrval lóða á verði fyrir alla

Úrval lóða í Urriðaholti er með því allra besta sem þekkest á höfuðborgarsvæðinu. Þar eru í boði lóðir fyrir fjölbýlishús, raðhús, parhús og einbýlishús og ættu allir að geta fundið lóðir á verði við hæfi. Nánari upplýsingar um viðmiðunarverð er að finna í tilboðsskilmálum á [www.urridaholt.is](http://www.urridaholt.is)

### ● Frábær staðsetning – notaleg byggð við vatn

Lóðirnar eru einstaklega vel staðsettar í Urriðaholtinu í Garðabæ. Góðar umferðaræðar í nágrenninu tryggja greitt aðgengi að þessu veðursæla svæði sem hallar til suðvesturs og er einstaklega skjólsælt og sólríkt. Urriðavatn gefur hverfinu einstakan svip og gerir það að sannkallaðri náttúruperlu.

### ● Eftirsóttar lóðir

Eftirspurn eftir lóðum í Garðabæ er með allra mesta móti. Þá er það staðreynd að lóðir sem liggja að vatni eða sjó hafa verið gríðarlega eftirsóttar. Tryggðu þér lóð á einu besta byggingarsvæði landsins í dag.

Allar nánari upplýsingar má fá hjá fasteignasölu Eignamiðlun í síma 588 9090 og Miðborg í síma 533 4800 og á [www.urridaholt.is](http://www.urridaholt.is)

# Ekki sama hvaða flísar eru notaðar hvar

Margt þarf að hafa í huga þegar baðherbergi eru flísalögð og ekki er sama hvernig staðið er að framkvæmdunum. Bjarni Rúnar Einarsson, eigandi Listlagna.is, hefur mikla reynslu af flísalögnum í alls konar rýmum og getur gefið góð ráð.

„Baðherbergi og önnur blautrými getur verið vandasamara að flísaleggja en önnur rými og margt sem þarf að hafa í huga. Undir-efnin þarf að athuga, hvernig á að vatnsþétta, hvort á að nota borða og hvaða flísar henta best,“ segir Bjarni, sem hefur sjálfur flísalagt fjölda baðherbergja.

Undirbúningurinn er að sögn Bjarna mjög mikilvægur. „Útkoman fer alveg eftir undirbúninginum. Nauðsynlegt er að kítta á réttum stöðum og athuga hvernig undirlagið er en það getur verið margs konar, úr gifsefni, tré eða steinefni. Núna er til dæmis algengast að fólk sé með steypar plötur og gifsveggi og það þarf að fara mjög varlega þegar er verið að flísaleggja gifsveggi. Ef rýmið er blautrými verður að ganga sér-  
taklega vel frá því áður en byrjað er. Grunna þarf flötinn og nota kvartborða til þess að þetta öll horn, upp við vegg, í kverkarnar niðri og kringum niðurföll. Borðarnir eru þá lagðir í gúmmívoðu

og gott er að fara einar þrjár umferðir á alla fleti með svona vatnsþéttikvoðu áður en er flísalagt. Þetta á líka við um spónaplötur og önnur efni sem ekki eru steyp og þar sem hreyfanlegir fletir og steypfir fletir koma saman verður að nota sílikon í allar fúgur.“

Bjarni segir að nauðsynlegt sé að nota mismunandi flísar við ólíkar aðstæður. „Mismunandi þéttleiki er í flísum og þær eru annað hvort gólf eða veggflísar. Leirflísar með glerjungu eru til dæmis mikið notaðar notaðar á veggi, þar sem ekki er mikill ágangur og sterkar gegnheilar flísar á gólf. Fjöldinn allur er til af flísum, einbrenndum, tví-brenndum og úr náttúru efni eða náttúrusteini. Í raun skiptir ekki máli hvað er valið ef það á við aðstæður. Mósaíkflísar er til dæmis ekkert sérstaklega gott að setja á baðherbergi nema það sé þeim mun betur gert því svo mikið af fúgu getur skapað vandamál. Ef vandað er til verksins á það hins vegar að vera í lagi.“

Margs konar fúgur eru til og eigi að setja mósaíkflísar á baðherbergi er nauðsynlegt að nota sterka fúgu. „Sterkustu og bestu fúgurnar sem er líka leiðinlegast að vinna með eru epoxíð-fúgur, en þær eru notaðar í sundlaugar og þar sem er gríðarlega mikill ágangur. Flex-fúgur eru líka góðar en þær eru sterkar og teygjan-



Bjarni hefur mikla reynslu af flísalögnum og veit hvað er best að nota á baðherbergi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

legar með íblöndunarefnum sem hrinda frá sér raka og drullu. Svo er hægt að nota venjulegar fúgur á rými þar sem er ekki vatn og ágangur.“

Á heimasíðu Listlagna, [www.listlagnir.is](http://www.listlagnir.is)

má finna ýmis ráð sem Bjarni gefur þeim sem vilja flísaleggja. „Ég ráðlegg öllum að fara ekki af stað nema kynna sér hvað þeir eru að fara að gera. Nauðsynlegt er að verða sér úti

um ráðleggingar því það þrefaldar kostnaðinn við flísalagnirnar ef rífa þarf allt niður, gera við og byrja upp á nýtt, kannski út af einu smáatriði sem gleymdist,“ segir hann.

[emilia@frettabladid.is](mailto:emilia@frettabladid.is)

# Á TRAUSTUM GRUNNI

## BYGGJUM VIÐ TIL FRAMTÍÐAR!

KS verktakar hf hafa yfir 20 ára reynslu í byggingariðnaði og með tímanum skapað sér sess sem traustur og áreiðanlegur verktaki. KS verktakar hf hafa t.d. byggt grunnskóla, leikskóla, gistiheimili, stúdentagarða, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði, skrifstofuhúsnæði og íbúðarhúsnæði í ýmsum stærðum og gerðum.

[www.ksverktakar.is](http://www.ksverktakar.is)



Nokkrar íbúðir óseldar!!!



VERKTAKAR HF

ÁSAKÓR, 203 KÓPAVOGI Í SÖLU HJÁ KJÖREIGN  
Að Ásakór 10 - 14 í Kópavogi eru KS verktakar hf að reisa fjölbýlishús á þremur hæðum auk bílageymslu og bílskúra á jarðhæð. Staðsetning hússins er sérlega góð, stendur rétt við enda golfvallarins í Garðabæ. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast hjá fasteignasölu KS Kjöreign, Ármúla 21 sími: 533 4040.

# VILTU STÆKKA

húsið eða sumarhúsið  
eða ertu að byggja nýtt?



Sólstofur, svalalokanir, glerbyggingar



Sem dæmi um notkun hér á landi er:

**Fyrir einkaheimili:** Stofur, sólstofur, borðstofur, eldhús, svalalokanir, sumarhúsið og margt fleira.

**Fyrir atvinnuhúsnæði:** Veitingahús, hótél, verslunarhús, söluskálar, barnaheimili og margt fleira.

**Four Seasons** glerbyggingar eru frábær lausn sem hefur verið mikið notuð á Íslandi.

Glerið er háeinangrandi, með mjög góðri sólarvörn og öryggisgler sem er skylda að nota í þök.

Glerið gerir húsin að 100% heilsárshúsum.

Úr áli eða timbri.


Timbur klætt að utanverðu með állistum.

Viðhaldsfrítt.



## Verkhönnun

Kirkjulundi 19, 210 Garðabæ  
Sími 565 6900  
Netfang [verkhonnun@simnet.is](mailto:verkhonnun@simnet.is)





## Lýsa upp heiminn

Ljósastaurar gegna stóru hlutverki í borgum og bæjum. Fyrirtækið Sandblástur og málmhúðun á Akureyri er eini framleiðandi slíkra staura hér á landi. „Form ljósastauranna hefur aðeins breyst í tímans rás,“ segir Tómas Ingi Jónsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins Sandblástur og málmhúðun að Árstíg 6 á Akureyri. „Staurarnir voru lengi vel samsettir úr nokkrum mismunandi sverum rörum en nú mjókka þeir jafnt og þétt upp þannig að smíðin er aðeins einfaldari.“

Smíðirnir í fyrirtækinu Sandblástur og málmhúðun kunna lagjð á ljósastaurunum enda eru þeir einir um að framleiða þá hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

Í Sandblæstri og málmhúðun eru um 50 manns við störf. „Þetta er framleiðslufyrirtæki, stálheildsala, sandblástur og zinkhúðun,“ segir Tómas Ingi. „Við þjónustum málmíðnaðinn frá a til ö. Það helsta sem við framleiðum eru ljósastaurarnir en líka vegrið og iðnaðargirðingar.“

Hann segir aðal samkeppnina í ljósastaurabransanum koma frá innflutningi eins og staðan sé í dag. „Nú er til dæmis dálítið stór pakki í útboði hjá Samorku, innkaufsfyrirtæki rafveitna. Við buðum í hann ásamt fimmtán erlendum aðilum og verðum bara að vona það besta.“



Sýningin Verk og vit verður haldin í annað sinn í íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal.

## Efnt til stórsýningar

Byggingariðnaður, mannvirkjagerð, skipulags- og orkumál verða í fyrirrúmi á sýningunni Verk og vit sem verður haldin í íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal dagana 17.-20. apríl 2008.

Þetta er í annað sinn sem Verk og vit verður haldið á Íslandi, en síðast gerðist það 2006 og var hún þá sett upp á sama stað. Vegna þess hve vel tókst til, var ákveðið að endurtaka leikinn en þó með fáeinum breytingum.

Sem dæmi um breytingu verður sýningarsvæðið með öðruvísi sniði og má í því samhengi nefna breytt gólfskipulag, eftir ábendingu frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.

Þeim sem tóku þátt í fyrri sýningunni verður boðið að forskrá sýningarsvæði að þessu sinni, áður en sýningin verður kynnt. Forskráningu lýkur 10. júlí 2007, en þá tekur við almenn skráning. Tíu prósent afsláttur er veittur af fermetraverði á sýningarými þeim sem skrá sig fyrir 1. október 2007.

Nánar á verkogvit.is -rve




Endurnýjunar- og viðhaldskerfi fyrir þök



# Svo einföld getur lausnin á þakleka þínum verið



Eins og regnhlíf ver Pace® þakvarnarkerfið þakið fyrir raka og ryði. Hin teygjanlega, samskeytalausa gúmmíhúð er mikið hagkvæmari kostur en að skipta um þak. Sparaðu með Pace®.



Fáðu þakið metið strax í dag þér að kostnaðalaus

**696 7282**  
pace@coat.is



Á vefsíðunni [www.habygg.is](http://www.habygg.is) er handbók byggingariðnaðarins.

## Handhægar upplýsingar

Handbók byggingariðnaðarins, [www.habygg.is](http://www.habygg.is), veitir upplýsingar um heimilisstörf, heimilistæki og heimilishald á rafrænu formi, fyrir atvinnumenn jafnt sem fagaðila.

Um ræðir gagnsafn sem byggir á niðurstöðum úr rannsóknum, atvugunum og efni unnu úr ýmsum gögnum Iðnaðarráðuneytisins.

Bókin er hluti af verkefni iðnaðarráðuneytisins „Opnir gagnagrunnar í þágu atvinnulífs, almennings og skóla“. Tilgangurinn með handbókinni var meðal annars að gera áður birtar upplýsingar frá ráðuneytinu enn aðgengilegrar en áður, samtímis því að gefa út nýtt efni sem hentaði betur á rafrænni útgáfu.

Á síðunni má þannig finna greinagóðar upplýsingar um viðhald húsa, húsbyggingatækni, lagdir, vegagerð og svo framvegis. Sjá [www.habygg.is](http://www.habygg.is)

# Veldu möguleika



Innréttingar í öll herbergi heimilisins.  
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

**JKE  
DESIGN**

*Óteljandi möguleikar*

Mörkinni 1 108 Reykjavík  
sími 515 0700 [www.jke-design.is](http://www.jke-design.is)

# Fjölbýlishús í grónu hverfi

Við Gullengi 4 í Grafarvogi eru íslenskir aðalverktakar að byggja þriggja hæða fjölbýlishús.

Nýlega voru settar í sölu íbúðir við Gullengi 4. Húsið er þriggja hæða fjölbýlishús með þremur íbúðum á hverri hæð. Íbúðirnar eru þriggja til fimm herbergja og á bilinu 100 til 140 fermetrar að stærð. Þær verða afhentar tilbúnar án gólfefna nema á baðherbergi og þvottahúsi, sem verða flísalögð. Sér þvottahús er í hverri íbúð og einnig rúmgóð geymsla í kjallara. Innréttingar í íbúðunum eru spónlagðar og hægt

að velja um þrjár viðartegundir. Heimilistæki eru frá AEG.

Burðarkerfi hússins er forsteypt að stærstum hluta. Útveggir eru forsteyptar einingar og verða með steiningaráferð og klæddir harðviði að hluta. Gluggar eru álklaðdir timburluggar. Húsið er því viðhaldslítið.

Sameign og lóð verða fullfrágingin og leiksvæði er á lóðinni. Hver íbúð hefur séringang og bílastæði við húsið verða átján.

Byggingar- og söluaðili er Íslenskir aðalverktakar og húsið er hannað af Tekton arkitektum. Íbúðirnar verða afhentar í maí 2008. -peb



Framhlið hússins. Átján merkt bílastæði verða við Gullengi 4 en myndin er af samskonar húsi við Gullengi 6.

Forsteyptir einingabústaðir verða sífellt vinsælli en þeir hafa það fram yfir hefðbundna bústaði að viðhald er mun minna.

MYND/THORSTEN HENN



## Arkitektúr draumar rætast

Hægt er að fá viðhaldslitla einingabústaði sem veita ákveðið frelsi í hönnun þeirra. Smellinn hf. er eitt af þeim fyrirtækjum sem býður upp á slík hús.

Einingahús verða sífellt vinsælli. Þetta á einnig við um sumarbústaði en Halldór G. Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Smellins hf., segir að það færir stöðugt í vöxt að fólk velji sér steipt einingahús í stað hefðbundinna sumarbústaða. „Þetta er stöðugt að aukast en kröfur sumarbústaðabyggjenda eru að verða hinar sömu og þeirra sem eru að byggja íbúðarhúsnæði. Þeir eru að fara út í eitthvað sem er viðhaldsfrítt eða viðhaldslítið og þá er sá möguleiki skoðaður að byggja bústað úr forsteyptum ein-

ingum,“ segir Halldór. „Fólk hefur stöðugt minni tíma til að sinna viðhaldi og vill ekki fara beint í það að bera fúavörn á veggir er það kemur í bústaðinn. Það vill heldur eyða tímanum í eitthvað annað skemmtilegra.“

Einingarnar frá Smellnum eru steiptar og kostar bústaður úr slíku efni meira en hefðbundinn timburbústaður. „Það er líka mikill gæðamunur á þeim og það þarf ekki annað en að horfa á hefðbundinn sumarbústað og íbúðarhús til að sjá muninn,“ segir Halldór. „Fólk eyðir stöðugt meiri tíma í bústaðnum og það er farið að gera þá kröfu að hann sé jafn að gæðum og íbúðarhúsið sem það býr í heima. Þar að auki getur fólk leyft sér ýmsa hluti með einingahúsi sem annars væri ekki hægt.“

Þarna á Halldór við það frelsi í hönnun sem einingahús geta veitt. „Fólk er að láta arkitektúrdrauma sína ræatast,“ segir Halldór. „Það getur haft húsin sexhyrnd eða með fíðusum sem það myndi aldrei hafa í bænum.“

Smellinn býður einnig upp á forsteypta sökkla sem hægt er að nota í grunn hefðbundinna sumarbústaða. „Það getur verið ákveðið vandamál að fá fólk til að slá upp mótum og koma steypu lengst uppi í sveit,“ segir Halldór. „Þá er þetta ákveðinn kostur því þegar búið er að koma malarpúðanum undir bústaðnum fyrir er sökkulunum komið fyrir á sínum stað sem lokaverkefni.“

Nánari upplýsingar um Smellinn er að finna á [www.smellinn.is](http://www.smellinn.is).

tryggvi@frettabladid.is



Þegar **gæðin** skipta öllu máli  
þá **vinnum** við fyrir þig!

Það er mikilvægt fyrir endingu allra málmhluta að þeir séu rétt meðhöndlaðir. Duftlökkun okkar veitir bestu fánlegu vörn gegn tæringu auk þess sem áferð verður eins og best verður á kosið. Í boði eru hundruðir lita í mismunandi áferðum.

**Ekki mála þig út í horn...**

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

**Pólyhúðun**  
Powder coating

Innbrennd duftlökkun á alla málma

Smiðjuvegi 1  
200 Kópavogur  
sími: 544 5700  
<http://www.polyhudun.is>

# DÚKÞAK ehf

...á þökin

Sími 564 1030



## Ecoseal og hönnun

Það er mikilvægt að hafa umhverfisvæna valkosti í þakhönnun. Aukin gæði þakefna eru líka æskileg. Ecoseal er styrkt fjölliða sem hefur báða fyrrnefnda kosti og það sem meira er -

á samkeppnishæfu verði. Umhverfisvænar vörur, áratuga notkun og góð reynsla geta farið saman við eðlilegt verð þegar þær eru bornar saman við önnur þakkerfi sem eru skaðleg umhverfinu.

Hafðu samband við sérfræðinga okkar og við aðstoðum þig við að finna lausn á lágmarks verði með hámarks endingu.


## MEÐ ECOSEAL ER NÁTTÚRAN VARIN

Ecoseal er umhverfisvænn þakdúkur sem inniheldur ekki plastesiser og er án eiturefna.

Ecoseal TPO-dúkur er sá mest notaði í heiminum af þessari tegund.


Ecoseal veitir 15 ára ábyrgð.

Ecoseal dúkurinn stenst alla alþjóðlega staðla og íslenskar reglugerðir.



Dúkþak ehf Melabraut 24 220 Haf. [www.dukthak.is](http://www.dukthak.is)





# 66°NORÐUR

## - BYGGIR Á REYNSLU

**66°Norður** hefur framleitt sjó- og regnfatnað frá árinu 1926 og fljótlega upp úr því hófst framleiðsla vinnufatnaðar fyrir menn og konur í landi. Í dag býður heildsölusvið 66°Norður heildarlausnir fyrir byggingaraðila, allt frá nærfatnaði til kuldagalla og má sjá úrval vinnufatnaðarins og fylgihlutanna í þjónustuverslun okkar í Faxafeni. Einnig eru í boði merkingar á fatnað fyrirtækja.

Vinnufatnaður 66°Norður nýtur tækninýjunga útivistarfatnaðar fyrirtækisins, með góðri samvinnu fagfólks og hönnuða, bæði í efnisvali og útliti. Útflutningur sjó- og regnfatnaðar hefur stórukist enda eru vörurnar prófaðar við bestu (eða verstu, eftir því hvernig á það er litið) hugsanlegu aðstæður í heimi, á Íslandi.

Fyrir utan eigin framleiðslu hefur heildsölusvið 66°Norður umboð fyrir marga helstu og virtustu vinnufataframleiðendur í heimi. Má þar nefna m.a: HEVEA, DUNLOP, SHOWA, JOBMAN, HARVEST, MAMMUT Work Wear, SIOEN, ANSELL, GLOBUS, MARIGOLD, OS og MTS.







# Fyrirtækja

rsþingið Nofoma 2007 í  
ist hann sömuleiðis um nýsköpun,

við rekstur fyrirtækja. Þar er það líka all-  
umlykjandi enda fyrirtækjum beinlínis lífs-  
naúðsynlegt að halda utan um vöru með öllum  
hætti, bæði til að ná henni í hús og koma henni  
sem fyrst á áfangastað með sem ódýrustum  
hætti, hvort sem það er neytandi eða þriðji  
aðili (þ.e. annað fyrirtæki eða verslun) sem  
tekur á móti henni. Þá má nýta vörustjórnun  
með góðum árangri til að hindra ónaúðsynleg  
afföll af vöru á lager og halda utan um veltu-  
hraða og birgðahald svo eitthvað sé nefnt. Allir  
þessir þættir geta sparað fyrirtækjum drjúg-  
an skildinginn.

Margvísleg vörustjórnunarkerfi og -töl eru  
til og fara þau allt eftir stærð og umfangi  
fyrirtækja, fjölda birgja sem þau tengjast og  
þeim fyrirtækjum sem eiga í viðskiptum. Síð-  
ari ár hafa fjölmörg fyrirtæki endurskóðað  
stefnu sína innan vörustjórnunar, sem hefur  
leitt til þess að sum hver skilgreina stjórnsvið  
hennar sem „stjórnun aðfangakeðjunnar“; or-  
sakir vandamála og leiðir til árangurs er ekki  
að finna einungis innan veggja eigin fyrir-  
tækis, heldur þarf oft að vinna náðið með út-  
völdum birgjum og viðskiptavinum til þess að  
komast skrefi framur en keppinauturinn.



EIN AF VERSLUNUM WAL-MART Bandaríska verslanakeðjan  
Wal-Mart hefur um árabíl varið tugmilljónum bandaríkjadala í  
innleiðingu á tækni til að hámarka vörustjórnun í verslunum  
sínun og vörulúsum. Markaðurinn/AFP

## Lítið vitað um íslenska markaðinn

Þeir Árni Halldórsson og Gunnar Stefánsson segja lítið vitað um stöðu  
íslenskra fyrirtækja á sviði vöru-  
stjórnunar. Mun meira liggi fyrir  
um norræna markaðinn, sem hafi  
verið grannskoðaður. „Við vitum  
í rauninni ekki neitt um íslenska  
markaðinn,“ segir Árni. „Það eru  
samt til skoðanir einstakra stjórn-  
enda, en þær segja lítið til um  
hvernig ástandið er þegar á heild-  
ina er lítið.“

„Það þarf að gera svipuð verkefni  
og hafa verð gerð á Norðurlöndum,“  
segir Gunnar. Á meðal þess er að  
gera spurningalista og senda þá til  
fyrirtækja. „Svo þarf að greina vöru-  
stjórnunina og reyna að sjá þörfina  
og mynstrið hjá fyrirtækjum og  
neytendum,“ segir hann og bætir  
við að síðastliðin ár hafi orðið gríð-  
arleg breyting á vörustjórnun, ekki  
síst eftir að hlutverk heildsalans  
breyttist, auk þess sem gríðarlegar  
breytingar hafi orðið úti á landi.  
Málið sé því aðkallandi.

„Það hefur mikið breyst frá því  
heildsalarnir keyrðu í verslanir og  
reyndu að selja verslunarfólki vör-  
urnar sem þeir fluttu inn sjálfir.  
Þetta hefur breyst mjög mikið,“  
segir Gunnar.

Árni tekur undir að hlutverk  
gamla heildsalans sé allt annað nú  
en áður. „Flutningafyrirtæki eru  
orðin miklu betri í því að koma  
vörunni frá A til B. Það þarf ekki  
lengur heildsala til að vaka yfir  
henni,“ segir hann og bendir á að  
stjórnuninni innkaupa hafi þróast  
verulega og fólk sem sinni innkaup-  
um hafi meiri möguleika á þjálfun  
og menntun en áður.

„Það sem er byltingarkenndast  
er að smásöluverslanir eru farnar  
að draga að sér vörur. Þær þurfa  
ekki að bíða eftir heildsalanum  
lengur,“ segir Gunnar og bætir því  
við að eftir að sjóflutningar lögð-  
ust af í kringum landið hafi orðið  
gríðarleg breyting á vörustjórnun.  
„Áður sigldu menn miklu magni af  
vörum á Akureyri og keyrðu þær  
síðan þaðan. Núna er öllum vörum  
ekið frá Reykjavík til Akureyrar á  
hverjum degi. Þaðan halda þær svo  
áfram. Akureyri er með þessu móti  
að hverfa sem miðstöð vörustjórn-  
unar fyrir Norður- og Austurland,“



SKIPULEGGJENDURNIR Þeir Gunnar Stefánsson og Árni Halldórsson segja lítið vitað  
um íslenska vörustjórnun. Þeir segja nauðsynlegt að kanna málið líkt og gert hafi verið á  
Norðurlöndunum. MARKAÐURINN/ANTON

bendir hann á og bætir við að hann  
spái því að Reykjavík verði stóra  
birgðastöð landsins á næstu árum.  
„Þetta gerðist fyrir fimmtán til  
tuttugu árum í Evrópu en hefur  
gerst á aðeins þremur árum hér!“

Spurðir hvort það hafi verið gott  
eða slæmt að strandsiglingar hafi  
hætt með tilheyrandi afleiðingum  
segir Árni það allt fara eftir spurn-  
ingunni.

Gunnar bætir því við að þetta hafi  
verið gott út frá þjónustustiginu en  
slæmt ef horft sé á slit á vegum og  
með tilliti til mengunar. „Íslensk-  
ir vegir eru allt að því byggðir upp  
eins og hestaslóðar. Þeir eru ansi



EKIÐ MEÐ VÖRUM Flutningar á landi hafa  
valdið gríðarmikilli breytingu á vörustjórnun hér  
á landi, að mati þeirra Gunnars Stefánssonar  
og Árna Hallgrímssonar. MARKAÐURINN/GVA

mjóir og óvíst hvort vegkantar þoli  
samþykka álag veðurfars og þunga  
flutningabíla. Þannig getur þetta  
aukið álag á vegakerfið við fyrstu  
sýn, en á hinn bóginn er ekki verið  
að flytja sömu vöruna fram og til  
baka á milli landshluta eins og var  
tilfellið fyrir nokkrum árum,“ segir  
Árni.

„Það er mjög ódýrt að flytja  
vörur fjórðunga á milli og jafn-  
vel á milli landa,“ segir Gunnar.  
„Þetta er ekki nema nokkur pró-  
sent af heildarverðinu. Það breytir  
engu um samkeppnishæfni og þess  
vegna er þeim ekið út um allt í  
stað þess að geyma þær á mörg-  
um stöðum,“ segir hann en leggur  
áherslu á að umhverfismál séu ekki  
komin það langt að þau taki á meng-  
uninni sem skapist við flutningana.

„Við getum samt haft áhrif ef  
við viljum. Ákvörðunin liggur  
alltaf hjá neytandanum á endan-  
um,“ segir hann. Árni samþykk-  
ir það en bendir á að upplýsingar  
vanti um íslenska markaðinn til að  
hægt sé að koma með tillögum að úr-  
bótum. „Það vantar upplýsingar um  
það sem virkilega þarf að fara með  
bílum og hvað mætti fara með skip-  
um. Slíkt myndi gera okkur auð-  
veldara fyrir,“ segir hann.

## Lítill fyrirtæki vaxa undir sjónlínu hinna stóru

Lítill fyrirtæki geta farið úr sjón-  
línu stóru fyrirtækjanna. Þar geta  
þau vaxið hljóðlega og skotist upp á  
yfirborðið þegar minnst varir. Með  
þessu móti geta þau orðið stærri  
en stóru keppinautarnir, að sögn  
Richards Lamming, deildarforseta  
og professors í innkaupum og að-  
fangastjórnun við Southampton-  
háskóla í Bretlandi.

Lamming var aðalræðumaður á  
Nofoma-ráðstefnunni í síðustu viku  
og fjallaði þar um nýsköpun fyrir-  
tækja með sérstakri áherslu á þá  
þætti er varða sambönd birgja og  
viðskiptavina þeirra. Hann sagði  
fyrirtæki verða að leita allra leiða  
til að halda lífi í hörðum heimi  
viðskiptanna. Þar skipti nýsköpun  
miklu máli.

Í nýsköpun felst truflun á nú-  
verandi aðstæðum, að hans sögn.  
„Sjáðu lággjaldaflugfélögin fyrir  
tíu árum,“ segir Lamming afslapp-  
aður og rólegur að ræðu sinni lok-  
inni í hádegishléi. „Þegar lággjalda-  
flugfélögin komu fram sögðust þau  
ekki ætla að bjóða upp á neitt.  
Hvorki mat, kaffi né annað. Stóru  
félögin, British Airways, SAS og  
fleiri töldu þau ekki ógn við sig.  
Það má því segja að lággjaldaflug-  
félögin hafi farið úr sjónlínu stóru  
fyrirtækjanna og vaxið þar. Raunin



ROBERT LAMMING Á NOFOMA-RÁÐ-  
STEFNUNNI Ætli fyrirtæki að komast af verða  
þau ævinlega að fylgjast með og tileinka sér  
nýsköpun. Það getur verið erfitt en nauð-  
synlegt, að mati Richards Lamming, prófess-  
ors í vörustjórnun við Southampton-háskóla í  
Bretlandi. MARKAÐURINN/HÖRÐUR

varð sú að flestir kusu ódýr flug-  
fargjöld umfram þægindi,“ segir  
Lamming og bendir á að flugfloti  
lággjaldaflugfélaganna hafi stækk-  
að hægt og bitandi í skjóli smæð-  
arinnar. Hafi mörg þeirra verið  
orðin stór þegar stóru félögin ætl-  
uðu að bregðast við samkeppninni.  
Stóru flugfélögin hafi goldið afhroð  
vegna viðhorfs síns, sum orðið að  
sameinast öðrum flugfélögum til  
að komast af.

Lamming tekur Kodak sem dæmi  
um fyrirtæki sem hafi orðið undir  
í samkeppninni, en fyrirtækið stóð  
fast á því að stafrænar myndavél-  
ar myndu aldrei verða vinsælar.

„Kodak var í raun langt á undan  
öðrum og átti mikið af einkaleyfum  
fyrir stafrænar myndavélar allt frá  
sjöunda áratug síðustu aldar. Þeir  
þróuðu tæknina þess vegna ekkert,“  
bendir Lamming á og leggur  
áherslu á að hefði Kodak snúið sér  
alfarið að þróun stafrænna mynda-  
véla hefði það hrist harkalega upp  
í filmuframléiðslu fyrirtækisins,  
sem skilaði Kodak miklum hagnaði.

Hann segir að í stað þess að fylgja  
öðrum fyrirtækjum eftir í þróun  
stafrænna myndavéla hafi Kodak  
þvermóðskast og talið sér trú um  
að filmurnar myndu lifa. „Þeir  
gerðu ráð fyrir mikilli aukningu í  
notkun filmuvéla í Asíu, sérstak-  
lega í Kína, og byggðu upp miklar  
birgðir af filmum. Þær spár rætt-  
ust ekki þar sem flestir keyptu sér  
stafrænar myndavélar í stað filmu-  
véla,“ segir Lamming en bendir þó  
á að erfitt sé að sjá fyrir breyting-  
ar sem þessar. Alltaf sé hægt að  
vera vitur eftir á. En það geti verið  
dýrkeypt. Menn verði því ævinlega  
að vera á varðbergi og fylgjast vel  
með ætli þeir að komast af.

„En fyrirtækjum er stjórnað af  
fólki. Og það er fólk sem ýmist  
stendur í vegi fyrir breytingum eða  
fleytir þeim áfram,“ segir Lamming.

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Álit Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í samræmi við gagnrýni undanfarinna missera:

## Lífseigar babiljur um Íbúðalánasjóð

Hafliði Helgason

Álit Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem sett var fram í kjölfar Íslandsheimsóknar kemur ekki mikið á óvart. Þar er að finna helstu gagnrýnisþunga sem færðir hafa verið fram í rökræðu um hagræfni undanfarinna missera.

Taka má undir flest sem fram kemur í álit sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins enda þótt skiptar skoðanir séu um hversu sterk einkaneyslan verði á þessu ári.

Mestan áhuga í almennri umræðu hafa vakið skoðanir sjóðsins á Íbúðalánasjóði. Það viðhorf sem þar kemur fram er fjarri því að vera nýtt og í raun samdóma álit allra þeirra sem þekkingu hafa á gangverki vestrænna markaðshagkerfa.

Hún er býsna lífseig babiljan um að Íbúðalánasjóður í núverandi mynd sé forsenda skilvirkni á lánamarkaði íbúðalánasjóðs og tryggji neytendum þar með bestu kjör. Sú mýta sýnir að vel hefur tekist að halda upp áróðri fyrir óbreyttri tilvist sjóðsins. Lánamarkaður er nákvæmlega eins og annar markaður. Ef afskipti ríkisins eru nauðsynleg á lánamarkaði, þá eru þau það líka á tryggingamarkaði, í olíusölu, matvöruverslun, flutningum og svo mætti lengi telja. Rökin fyrir óbreyttu fyrirkomulagi halda ekki vatni.

Hin babiljan lýtur að þensluvöldum á íbúðamarkaði. Áróðursmeistarar Íbúðalánasjóðs hafa ítrekað fullyrt að innkoma bankanna hafi hleypt öllu í bál og brand á markaði sem hafi svo leitt til þenslu á húsnæðismarkði. Hin skýringin sem einhverjir hafa gripið til er lóðaskortur í Reykjavík, sem stenst heldur ekki skoðun.

Vaxtakjör og aðgengi að lánsfé eru ásamt kaupmætti stærstu breytur í verðmyndun á fasteignamarkaði. Boðuð hækun hámarkslána Íbúðalánasjóðs var augljóslega til þess fallin að einkareknir bankar brygðust við tíðindunum með því að koma inn á markaðinn.

Þegar bankarnir svo mættu olli það uppgreiðslu á lánum hjá Íbúðalánasjóði. Í stað þess að ríkið beitti sér til þess að taka uppgreiðslupeningana úr umferð var þeim dælt aftur út í formi húsnæðislána sparissjóðanna.

Pannig spannst nú þessi vitleysa á afleitum tíma fyrir hagstjórnina. Ríkisrekið lánakerfi á húsnæðismarkaði varð til vegna lánsfjárskorts og þess að almenningur hafði takmarkað aðgengi að lánsfé. Í dag er fremur offramboð á lánsfé en hitt. Íbúðalánasjóður á ekkert erindi á almennan íbúðalánamarkað með lán til almennings. Hlutverk ríkisins á að vera, eins og víða annars staðar, að tryggja lágmarksmöguleika með því að aðstoða þá sem minnst hafa við kaup á húsnæði og einnig þá sem búa á svæðum þar sem bankar vilja ekki veð.

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfríður@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olíkr@markadurinn.is



### TIL LEIGU

#### Til leigu skrifstofuhúsnæði á góðum stað í Síðumúla

Um er að ræða 300 fm, á 2. hæð með séringngangi. Unnið er að endurnýjun húsnæðis og verður leiguhúsnæðið innréttað í samráði við væntanlegan leigjanda. Húsið verður einnig tekið í gegn að utan á næstunni.

Tilvalin staðsetning fyrir þá sem vilja staðsetja sig, nálægt góðum umferðaræðum á áberandi stað í Múlahverfinu sem allt er í endurnýjun.

Upplýsingar gefur Einar í síma 821 1143

# Sjálfstætt viðskiptaráðuneyti

— Mikilvægt framfaraspör —

Hornsteinn sjálfstæðis þjóðar eru auðlindir hennar, áþreifanlegar og óáþreifanlegar. Íslendingar endurheimtu sjálfstæði sitt 1944 og kraftmiklar frumframleiðslugreinar, eins og sjávarútvegur og iðnaður á fyrstu áratugum sjálfstæðrar þjóðar tryggðu henni fjárhagslegt öryggi. Ísland var frumvinnsluþjóðfélag allt fram undir síðustu áratugi 20. aldar. Skipting ráðuneyta endurspegladi þann veruleika.

Síðan þá og sérstaklega á síðustu tíu árum hafa orðið umskipti og nú eru það þjónustugreinarnar sem hafa tekið við af frumvinnslugreinunum sem megin drifkraftur íslensks samfélags. Lífsgæðin á Íslandi og styrkur sjálfstæðs ríkis eiga í dag mest undir þeim óáþreifanlegu verðmætum sem felast í nýtingu þekkingar.

Ný ríkisstjórn skynjar þessar breytingar og hefur með stofnun sérstaks viðskiptaráðuneytis sýnt í verki vilja sinn til að efla enn frekar umgjörð þjónustugreina og auka þannig tækifæri þeirra til að vaxa og dafna.

Nú liggur fyrir að sjávargullíð, þorsstofninn, er í sögulegu lágmarki og hefur hallað jafnt og þétt undan síðasta áratug vegna ofveiði. Sjávarútvegur lagði fram nærri tvöfalt meir til landsframleiðslu en fjármálastarfsemi fyrir tíu árum. Þetta er nú breytt. Fjármálafyrirtæki landsins hafa á áratug leitt umbreytingu í atvinnulífi þjóðarinnar og átt stóran þátt í að lífskjör á Íslandi hafa batnað stöðugt þrátt fyrir minnkandi veiði og eru lífskjör hér nú með þeim bestu sem þekkjast í heiminum.

Það sem mestu hefur skipt í

### ORÐ Í BELG

**Guðjón Rúnarsson**, framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja



þeirri umbreytingu sem orðið hefur á skömmum tíma er annars vegar gott starfsumhverfi sem stjórnvöld hafa skapað og hins vegar hátt menntunarstig þjóðarinnar. Það eru þessir tveir þættir sem munu áfram skipta mestu. Undir lok síðasta árs kynnti forsætisráðherra skýrslu um alþjóðlegt fjármálaumhverfi á Íslandi. Að baki henni lá mikil vinna og í skýrslunni eru kynntar ýmsar hugmyndir um hvað megi gera til þess að það verði enn eftirsóknarverðara að stunda fjármálaviðskipti gegnum Ísland. Írar rifu sig upp af tassa-bekk Evrópuþjóða í fremstu röð á tuttugu árum með slíkum hætti. Íslenskur fjármálagæiri hefur náð langt á skömmum tíma og nú er lag fyrir stjórnvöld að leggja fram viðbótar krafta til að hjálpa honum að ná í fremstu röð. Framboð menntunar hefur margfaltast á Íslandi á skömmum tíma. Sú þróun þarf að halda áfram í bland við það að Íslendingar sækji sér þekkingu og reynslu af öðrum menningarsvæðum.

Þetta kann að hljóma sem fjarlægur draumur. En fáir sáu fyrir þá miklu byltingu sem orðið hefur á íslenskum fjármálamarkaði. Hvern hefði til dæmis órað fyrir því að íslenskir bankar kæmst í hóp tíu stærstu banka á Norðurlöndunum og íslensk

smásölubjónustufyrirtæki yrðu með þeim umsvifamestu í hinu Stóra Bretlandi. Það er nefnilega þannig að orð eru til alls fyrst, hugmyndir sem færðar eru í orð og síðan framkvæmdar. Breytingar í alþjóðlegu umhverfi sem íslenskt þjóðfélag er vissulega hluti af, eru svo örar að annað hvort tekur maður þátt í breytingum, reynir að nýta þær sér til góðs, eða maður verður fórnarlamb þeirra. Miklu skiptir að umgjörðin, þ.á.m. uppstilling ráðuneyta, taki mið af því svo góður grunnur sé til að tryggja þjóðinni hagsæld og framfarir.


Fjármálagæirinn á Íslandi hefur á skömmum tíma vaxið í að verða ein kraftmesta atvinnugrein landsins. Ef skattgreiðslur eru notaðar sem viðmiðun má glöggst sjá að fjármálafyrirtæki greiða nú hátt í helming af tekju-skattsgreiðslu fyrirtækja á Íslandi. Starfsfólki fjármálafyrirtækja fjölga dag frá degi, ungt vel menntað fólk úr öllum áttum fær vinnu við hæfi og launakjör eru góð. Um 8300 manns störfuðu hjá íslenskum fjármálafyrirtækjum í lok síðasta árs. Ef litið er til framlags fjármálagæirans til landsframleiðslu hjá einstökum þjóðum er Ísland á hraðbyri upp töfluna yfir þau ríki þar sem það hlutfall er hæst. Ef vel er haldið á málum hélendis á komandi misserum er þess væntanlega ekki langt að bíða að Ísland verði orðið jafnsett þeim ríkjum sem lengsta hefð eiga í þessum efnum.

### FRAMLAG FJÁRMÁLAGEIRANS TIL LANDSFRAMLEIÐSLU

Efling fjármálagæirans skilar sér til annarra sviða þjóðfélagsins. Þannig eiga flest þau íslensku fyrirtæki sem nú eru stórir leikendur á sínum markaði úti í hinum stóra heimi, svo sem í smásölu, matvælaframleiðslu, stoðtækja- og lyfjagerð vegsáuka sinn ekki síst að þakka kröftugum innlendum fjármálafyrirtækjum sem höfðu trú á stórhuga hugmyndum íslenskra frumkvöðla. Þannig hefur fjölbreytni íslensks atvinnulífs aukist verulega og aukin breidd styrkt íslenskt þjóðarbið til að mæta óvæntum áföllum á afmörkuðum sviðum.

Samtök fjármálafyrirtækja óska nýjum viðskiptaráðherra velfarnaðar gagnvart þeim mikilvægu verkefnum sem bíða hans.

### FRAMLAG FJÁRMÁLAGEIRANS TIL LANDSFRAMLEIÐSLU



### UM VÍÐA VERÖLD

#### Laun út úr kortinu

**Guardian** | Það ætti svo sem að vera eðlilegt að forstjórar stórfyrirtækja hafi hærri laun en ræstitæknarnir hjá sömu fyrirtækjum. Breska dagblaðið Guardian bendir hins vegar á að himinn og haf sé nú á milli þessara tveggja starfshópa í launakjörum og hafi forstjórnarnir nú mánaðarlaun á við hundrað ræstitækna. Í mánuðagsútgáfu blaðsins segir blaðamaður Guardian frá því þegar hann fór til fundar við háttsettan bankastarfsmann í fjármálaverfi Lundúna á dögnum. Blaðamaðurinn spurði hvort maður sem væri með tvær milljónir punda, jafnvirði 254 milljóna króna, í árslaun myndi vinna meira byðist honum að fá 10 milljónir punda, tæpa 1,3 milljarða króna, í árslaun. Að sögn blaðamannsins stóð starfsmaður bankans á gati og gat ekki svarað henni með nokkru móti. Eftir nokkrar vangaveltur komst blaðamaður Guardian að þeirri niðurstöðu að launahátt fólk í viðskiptalífínu væri komið í eigin heim, aðskilið frá raunveruleikanum. Það væri ekki samanburðarhæft við aðra í veruleikanum heldur væri það að keppa við jafningja sína í fjármálaheiminum um bestu launin.

#### Slar Jobs í gegn í þriðja sinn?

**Economist** | Nýi farsímmin frá Apple, iPhone, kemur á markað í lok mánaðar. Breska vikuritíð Economist velti því fyrir sér í vikunni hvort Steve Jobs, forstjóra bandaríska tölvuframléiðandans, hefði tekið að búa til metsöluvöru í þriðja sinn. Reyndar tekur það skýrt fram að Jobs sé höggværi í spám sínum en hann gerir ráð fyrir því að tíu milljónir farsíma seljist fyrir lok næsta árs. Það jafngildir aðeins einu prósentu af farsíamarkaðnum öllum á heimsvísu. Til samanburðar hefur fyrirtækið selt tíu sinnum fleiri iPod-spilara frá því þeir litu dagsins ljós fyrir sex árum. Í vikuritinu er tæpt á ævi Jobs og gengi Apple, sem oft á tíðum var þyrnum stráð. Halla tók undan fæti þegar Jobs sneri baki við Apple og tók til við aðra iðju, svo sem teiknimyndafyrirtækið Pixar, sem hann seldi til Disney á síðasta ári. Economist leggur mikla áherslu á að þótt Apple eigi Jobs mikið að þakka eigi hann sér styrka bakhjarla, sem séu ekki síður mikilvægir. Þar séu fremstir í flokki hönnuðurrinn, markaðsstjórninn og framkvæmdastjórninn, sem allir vinna úr þeim oft á tíðum einkennilegu hugmyndum sem Jobs setji fram.

ÚTGAUFÉLAG: 365 – PRENTMIÐLAR RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergveggsson, Jón Skafason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSIÐI: 550 5000 SIMBREF: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFFANG: vísiris UMBROT: 365 – PRENTMIÐLAR PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðum án endurgjalds.

## STARFSMANNAMÁL

## Hádegismaturinn við skrifborðið?

Margir hafa lent í þeim aðstæðum að svo mikið er að gera við vinnu að ekki gefst tími til þess að borða hádegismat. Þá er e.t.v. gripíð í samloku eða skyrdós við skrifborðið og hádegishléð jafnvel stýtt í tíu mínútna hlé með litlum samræðum við samstarfsmenn. Þessi menning er víða í Evrópu og hafa þá rannsóknir vísindamanna um að á skrifborðum sé 400 sinnum meira af baktærium en á meðalklósetti lítið að segja því að 47 prósent af aðspurðum Bretum vilja borða hádegismatinn við skrifborðið.

Starfsmenn í Austur-Evrópu virðast helst leyfa sér að fara í hádegismat og eiga þar góða stund. Yfir 60% starfsmanna í Tékklandi taka sér góðan hádegismat og kemur á óvart að í löndum þar sem matarhefð er mikil eins og á Ítalíu, Frakklandi og Sviss vilja 53%, 47% og 46% af starfsmönnum koma sér þægilega fyrir í hádeginu og borða góðan mat. Aðeins 20% breskra starfsmanna koma sér vel fyrir í hádeginu, 8% sænskra og aðeins 6% af dönskum starfsmönnum hafa tíma til

að setjast niður og borða góðan hádegisverð.

Alls voru um 17.302 evrópskir starfsmenn spurðir spurningarinnar: „Hvað felst í því að fara í hádegismat?“ Svarmöguleikarnir voru: Samloka við borðið/ Göngutúr til að ná sér í bita/ Setjast niður og koma sér vel fyrir með hádegisverð/ Ég borða ekki hádegismat.

Þeir sem helst sleppa því að borða hádegismat eru Pólverjar (21%) og Ungverjar (18%) en þeir sem eru síst líklegir til að sleppa hádegismat eru Bretar (9%), Hollendingar (5%) og Frakkar (4%). Í rannsókninni kemur í ljós að þó að siðir og vinnuþéttir geti

verið álíka í mörgum Evrópuríkjum er menningin í kringum matinn ólík, einkum þegar um er að ræða að fara frá vinnustað og borða annars staðar.

Þeir sem eru duglegastir að hreyfa sig í hádeginu og fara í göngutúr um leið og þeir finna sér bita eru Finnar (58%) og kemur fram í rannsókninni að hollt sé öllum starfsmönnum að hreyfa sig í hádeginu. Það auki líka úthald starfsmanna að vera vel nærðir og þeir verði skilvirkari fram eftir degi eftir úti-veru og góða næringu. Bent er á að þeir sem aldrei sjá sér fært að fara frá skrifborðinu og í hádegismat gætu líka farið á nám-

skeið til að bæta stjórnunarhæfileika sína. (Heimild: www.onrec.com)

Sif Sigfúsdóttir  
MA í mann-  
auðsstjórnun



## SPÁKAUPMAÐURINN

## Frændgarður í Færeyjum


Ég hef setið sveittur við það þessa vikuna að skrá hvert einasta andskotans snitti í allri ættinni fyrir hlut í Færeyjabankanum. Meira segja þeir sem eru óstaðsettir í hús samkvæmt þjóðskrá ætla að kaupa.

Þetta verður fínt, en þeir í Lansanum hafa ekki verið að auðvelda manni lífið við þetta. Krafan um að menn eigi vörslureikning hjá þeim fyrir rafrænu viðskiptin var algjörlega fáránleg og kostaði þvífíka aukavinnu fyrir greiðvikna menn eins og mig sem eru að kaupa fyrir heilu ættirnar.

Jæja, allavega á maður von á því að gengið á þessu hækki og ekki ólíklegt að kjölfestan í bankanum myndist fljótt. Kæmi mér ekki á óvart að einhverjir mögúlar með vörslureikning í Landsbankanum yrðu fljótir að koma sér í lykilstöðu. Ég er ekki viss um að Færeyingar muni eiga bankann lengi í viðbót. Nema svona kallar eins og Jákúp í Rúm-fatalagernum og einhverjir slíkir sem hafa grætt pening í útlöndum láti til sín taka.

Jæja, þá græðir maður bara á því eins og því að hafa keypt áfram í Actavis. Það kemur pottþétt hærra tilboð frá Bjögga í bréfin. Ég held að þetta sé leikrit þar sem löngu er búið að skrifa handritið. Bjöggi mun svo sennilega skuldsætja félagið hraustlega og selja það síðan með góðum hagnaði. Hann er fjandi glúrin strákurinn, en hlutverk manna eins og mín er að vera glúrnir líka og græða á því þegar þeir stóru leika leikina sína. Þannig virkar maður eins og verndarhjúpur fyrir litlu hluthafana, sem er hlutverk sem fellur vel að minni manngerð.

Spákaupmaðurinn á horninu



# IBM POWER6

## NÝHERJI

### KYNNIR NÝJA IBM POWER6 ÖRGJÖRVANN

14. JÚNÍ 2007

IBM býður nú á sama tíma hraðasta örgjörva sögunnar og gríðarlega öflugan nýjan netþjón sem nýtir sér hina nýju tækni örgjörvans í lágrí orkunotkun og sýndarvéla tækni.

Nýi POWER6 örgjörvinn frá IBM er tveggja kjarna örgjörvi og keyrir á 4.7 GHz tiftíðni. Með því tvöfaldar hann hraða fyrri kynslóða örgjörvans þrátt fyrir að nota næstum því jafn mikið rafmagn til að keyra og kæla. Þetta þýðir að með því að nota nýja POWER6 örgjörvann er hægt að auka afköst um 100% og minnka orkunotkunina nánast um helming!

Nýi **System p** 2-16 kjarna netþjóninn er sá fyrsti sem slær met í öllum fjórum helstu afkastamælingum fyrir bæði viðskiptaleg og tæknileg afköst.

LÁTTU SJÁ ÞIG Á KYNNINGU Á ÞESSUM NÝJUNGUM HJÁ NÝHERJA  
Á MORGUN FIMMTUDAGINN 14. JÚNÍ KL. 15.00



Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is



## Í BÍTIÐ Á BYLGJUNNI

6.55-9.00 ALLA VIRKA MORGNA

HEIMIR OG KOLBRÚN TAKA Á MÓTI ÞÉR Í BETRI STOFU BYLGJUNNAR  
FULLUR ÞÁTTUR AF ÖLLU SEM ÞÚ ÞARFT FYRIR DAGINN

Dægurmál, fréttir, veður, íþróttir og allt þar á milli

# BYLGJAN

989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

# SPRON veitir styrki

SPRON hefur afhent styrki til einstaklinga fyrir 1,8 milljón króna. Sjö hlutu námsstyrki fyrir samtals 1,2 milljónir króna en auk þess voru veittir aðrir styrkir samtals að upphæð 625 þúsund krónur, vegna brúðkaupa, stórafmæla, fæðinga og ferðalaga.

Fimm fengu námsmannastyrki að upphæð tvö hundruð þúsund krónur hver og tveir fengu námslokastyrki að upphæð eitt hundruð þúsund krónur hvor. Styrkina hlutu þær Sigríður Kristín Sæmundsdóttir, Jenný Haraldsdóttir, Björg Magnúsdóttir, Rut Gunnarsdóttir, Hildur Arnardóttir, Ragnheiður Valdimarsdóttir og Guðný Gréta Guðnadóttir.



FRÁ AFHENDINGU STYRKJA 23 einstaklingar fengu ýmsa styrki frá SPRON.

Alls búrast sparisjóðnum rúmlega 180 umsóknir um námsmannastyrki.

„Við úthlutun styrkjanna var tekið mið af námsárangri umsækjenda, námsvali, framsetningu umsóknar og framtíðaráformum,“ segir í tilkynningu frá SPRON.



## Hef opnað sálfræðipjónustu að Suðurlandsbraut 10 og sálfræðilega ráðgjöf á Internetinu

### Veiti sálfræðilega meðferð og ráðgjöf fyrir:

- einstaklinga m.a. við kvíða, fælni, óöruggi, sorg, áföllum, kulnun, streitu.
- fjölskyldur m.a. við samskiptaerfiðleikum, gildin í fjölskyldunni, framtíðarsýn.
- fyrirtæki m.a. fyrirtækja- og starfsmót, stjórnun breytinga.

### Handleiðsla fyrir stjórnendur og fagfólk.

### Held námskeið og veiti handleiðslu á Life-Navigation með Internetinu og Skype um hvernig

- takast má við það óvænta í lífinu
- vaxa sem einstaklingur og njóta lífsins

Ágústína Ingvarsdóttir sálfræðingur í fyrirtækja-, vinnu- og klínískri sálfræði cand psych  
Tímabantar í síma 663 8927 eða í netpósti agustina@life-navigation.com • Geymið auglýsinguna

# Margir möguleikar með nýrri kynslóð

Þeir sem beðið hafa óþreyjufullir eftir þriðju kynslóðinni í farsímatækni geta andað léttar: Síminn byrjar að veita þjónustuna á höfuðborgarsvæðinu á haustdögum. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson brá sér á kynningu hjá Símanum á dögnum og skoðaði það sem framtíðin hefur upp á að bjóða.

Síminn kynnti þriðju kynslóð í farsímakerfum í verslunum sínum á höfuðborgarsvæðinu á dögnum. Þetta er annað fjarskiptafyrirtækið af þremur sem kynnir það sem komandi kynslóð hefur upp á að bjóða en Nova hafði nokkru áður sýnt gestum sambærilega hluti. Síminn stefnir að því að bjóða upp á þjónustuna á höfuðborgarsvæðinu í haust og hefja þá uppbyggingu á kerfinu á landsbyggðinni. Gert er ráð fyrir að 60 til 80 prósent landsmanna geti nýtt sér kerfið eftir um tvö og hálf ár en að lágmarki 75 prósent á öllu landinu eftir fimm og hálf ár.

Með þessari þriðju kynslóð í farsímaneti opnast talsvert fleiri möguleikar á gagnaflutningum en nú gefast.

### FARTÖLVAN

Að farsímanum ólöstuðum verður möguleikinn á þráðlausri nettengingu með fartölvu, óháð staðsetningu, eitt af stærstu skrefunum við innleiðingu þriðju kynslóðarinnar. Hægt verður að ferðast



GÓÐ NETTENGING – ALLTAF Þegar þriðja kynslóðin í farsímakerfum verður komin út um borg og bý eftir um þrjú til fimm ár verður hægt að rápa um netið á háhraða á hálendinu. MARKAÐURINN/ANTON

með fartölvuna um borg og bý og halda stöðugu og hraðvirku netsambandi innan farsímanetsins. Einu hindranirnar felast í dapurri endingu fartölvurafhlaða og eins ef farið er út fyrir borgarmörk. Ekki liggur fyrir hvenær rafhlöðurnar batna en einfalt mál er að verða sér úti um rafmagnssnúru fyrir fartölvuna. Netsambandið kemur svo til með að batna þegar nýtt og langdrægara kerfi tekur við af NMT-kerfinu eftir um tvö ár. Þá verður hægt að rápa um netið hvar sem er á hálendinu þar sem venjulegt farsímasamband er alla jafna slæmt í dag.

Þriðja kynslóðin býður upp á tvenns konar tengimöguleika með fartölvum. Besta lausnin er gagnakort sem smellt er í kortarauf tölvunnar. Kort þetta þekktist þar sem tæknin hefur rutt sér til rúms, svo sem í Danmörku. Verðmiði er ekki kominn á kortið en gert er ráð fyrir að hann verði í kringum 30.000 krónur. Kerfi Símans eins og það er í dag býður einungis upp á 1,7 til 3,0 Mb/s hraða, sem er meira en nóg fyrir meðalnotandann. Það verður uppfært í sumar og mun, þegar þriðja kynslóðin verður opnuð almennings, bjóða upp á 7,0 Mb/s tengingu, sem er sambærilegt við ADSL-tengingu yfir meðallagi. Fræðilegur möguleiki er á að bjóða allt að 14,4 Mb/s í nánustu framtíð. Það er risastökk sem verður hins vegar ekki tekið í brád því þótt tæknin sé fyrir hendi bjóða engin gagnakort hér á landi upp á slíkan gagnahraða.

Hin leiðin er að tengja tölvuna með utanáliggjandi USB-korti. Það verður nokkuð ódýrari leið og hentar ferðalöngum ágætlega. Á móti verður tengingin hægvirkari en þó þökkaleg.

### FARSÍMINN

Farsímaeigendur munu taka eftir umtalsverðri byltingu þegar þeir verða komnir með farsíma sem stýður við þriðju kynslóð í farsímatækni. Símanir eru enn sem komið er í dýrari kantinum, en þó innan skynsamlegra marka. Mjög líklega munu þeir lækka í verði þegar á liður.

Með þessari nýjustu kynslóð í farsímatækni gefast Frónbúum mörg ný tækifæri með auknum gagnaflutningshraða. Hægt verður að halda myndfund í beinni útsendingu í gegnum símann, taka og senda ljósmyndir í ágættri

upplausn og hala niður tónlist og hlusta á í þolanlegum gæðum. Myndfundatæknin, sem virkar fyrir tilstilli lítillar myndavélar framan á farsímanum, nýtist sumum eflaust ágætlega, ekki síst heyrnarlausum. Hún þykir hafa komið vel út í þeim löndum þar sem tæknin er til staðar, svo sem í Svíþjóð.

Helsti gallinn við myndfundatæknina var léleg upplausn hreyfimynda við slæm birtuskilyrði. Mun betri myndgæði fást með því að fara þangað sem meiri birtu nýtur.

Myndavélin aftan á farsímanum er mun betri. Birta skiptir þar sömuleiðis máli en upplausnin á myndavél farsímans sem notaður var við kynningu á tækninni í húskynnum Símans, Sony Ericsson K810i, með 3,2 megadíla myndavél, er talsvert betri. Sú myndavél kemur eflaust betur út á myndsimafundum. Að sama skapi má nota vélina til að sýna hvernig umhorfs er í umhverfi farsímanotanda.

### SJÓNVARPIÐ

Móttaka sjónvarpsútsendinga kom ágætlega út þrátt fyrir lítinn farsímaskjá. Upplausn efnis, sem er pakkað á MPEG-4 formi, er vel viðunandi þegar horft er á fréttamyndir og aðra afþreyingu. Smáatriði skila sér eðlilega ekki á litlum skjá og varla hægt að búast við að útsendingar á stórmyndum á borð við Hringadróttinssögu geti notið sín. Maður með fulla sjón ætti vel að geta lesið texta af svo litlum skjá. Upplýsingar á textaborðum sem renna yfir skjáinn á BBC og CNBC voru aftur á móti illgreinanlegar.

### ENGIN VERÐSKRÁ

Síminn hefur enn ekki flaggað verðskrá og mismunandi þjónustupökkum fyrir notkun á tækninni. Sama máli gegnir um fjarskiptafélögin Nova og Vodafone, sem bæði ætla að bjóða upp á tæknina á næstu misserum. Gera má ráð fyrir að þeir verði mismunandi, einn pakki fyrir þá sem vilja hala niður miklu magni tónlistar sem krefst mikils gagnamagns, annar fyrir móttöku sjónvarpsútsendinga og annar fyrir þá sem vilja nota farsímann að mestum hluta til tals en gætu hugsað sér að nýta öðru hvoru þá möguleika sem þriðja kynslóðin í farsímatækni hefur upp á að bjóða.

PENINGAMARKAÐSSJÓÐIR

# Ávaxtaðu betur - í þeirri mynt sem þér hentar

ávöxtun í krónum	ávöxtun í evrum	ávöxtun í dollurum	ávöxtun í pundum
<b>15,3%*</b>	<b>4,6%*</b>	<b>5,4%*</b>	<b>5,7%*</b>

Kynntu þér kosti Peningamarkaðssjóða Kaupþings í ISK, EUR, USD og GBP.

Sérfræðiaðstoð við fjárfestingar hringdu í síma 444 7000

\*Nafnávöxtun í ISK, EUR, USD og GBP á ársgrundvelli fyrir tímabilið 30/04/07 - 31/05/07.

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögnum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í ýrri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslyngu eða útdrætti úr útboðslyngu sjóðsins í útboðum Kaupþings eða á www.kaupthing.is.





# Við björgum þér!

Áttu erfitt með að finna hæft tæknifólk? Viltu spara þér kostnaðinn við að hafa gott tæknifólk í vinnu? Þarftu aðstoð við net- eða tölvukerfi fyrirtækisins til lengri eða skemmri tíma? Með því að útvísta þjónustu tæknifólks til Skýrr getur þú einbeitt þér að því sem þú gerir best. Á sama tíma gerir Skýrr þér kleift að hagræða í rekstri og lækka kostnað við upplýsingatækni.

Skýrr býður atvinnulífinu fjölbreytta þjónustu 210 sérfræðinga, sem geta sinnt öllum þörfum vinnustaða á sviði upplýsingatækni. Skýrr er samstarfsaðili Business Objects, Microsoft, Oracle og VeriSign. Starfsemi Skýrr er vottuð samkvæmt alþjóðlega gæða- og öryggisstaðlinum ISO 9001. Hinir 2.300 kröfuhörðu viðskiptavinir Skýrr sækja til fyrirtækisins samþættar heildarlausnir. Allt á einum stað. 24/7.

## Rekstrarþjónusta 24/7

- Aðgangsstýringar og notendaumsjón
- Afritunarlausnir sem tryggja gagnaöryggi
- Almenn notendapjónusta og tæknihjálp
- Hugbúnaðar- og vélbúnaðarbókhald
- Hagkvæm umsjón með hugbúnaðarleyfum
- Hýsing á hugbúnaði og vélbúnaði
- Opið allan sólarhringinn allan ársins hring
- Ráðgjöf um innkaup á hvers konar búnaði
- Skýrslugerð um notkun og umferð á interneti
- Umsjón með netkerfum og tölvubúnaði
- Varnir gegn vírusum og tölvuinnbrotum
- Öryggisráðgjöf og viðeigandi lausnir

Hafðu samband í síma 569 5100 eða sendu póst til [skyr@skyr.is](mailto:skyr@skyr.is) og fáðu tilboð og upplýsingar!



Allt á  
einum stað





**SVEINN MARGEIRSSON**  
Sveinn, sem er deildarstjóri hjá Matís ohf., Matvælarannsóknnum Íslands, segir rekjanleika matvæla lykiliatriði í að sýna fram á sjálfbærni í framleiðsluháttum. Auk þess að bæta framleiðsluferli matvæla tryggir rekjanleikinn að hægt sé að sýna fram á uppruna vörunnar.

MARKAÐURINN/HÖRÐUR

**Þetta snýst í fyrsta lagi um að neytandinn geti vitað hvaðan varan kemur, en það er sá þáttur sem flestir þekkja, og í öðru lagi um að hægt sé að rekja nákvæmlega hvaða leið varan fór.**

## Rekjanleikinn skiptir stöðugt meira máli

Síauknar kröfur eru um að seljendur sjávarafurða byggi veiðar á sjálfbærni. Óli Kristján Ármannsson hitti að máli **Svein Margeirsson**, deildarstjóra hjá Matís, sem segir sjálfbærni kunna að vera aðgöngumiða að dýrari verslunarkerðjum erlendis. Þetta skipti ekki síst máli fyrir sjávarútveg þegar mögulegur samdráttur í þorskveiðum standi fyrir dyrum.

Ráðstefna um sjálfbærni í sjávarútvegi fer fram á Sauðárkróki í dag, 14. júní. Hún er hluti af vestnorrænu verkefni sem nefnist „Sustainable Food Information“ og hefur það að markmiði að auðvelda fyrirtækjum í matvælaíðnaði, svo sem sjávarútvegsfyrirtækjum, að sýna fram á sjálfbærni í veiðum, vinnslu og sölu.

Matvælarannsóknir Íslands (Matís) annast skipulagningu ráðstefnunnar. Þar á bæ segja menn sjálfbærni vera orðið einkar mikilvægt hugtak í sjávarútvegi í ljósi sívaxandi krafna seljenda, verslanakeðja og neytenda um að ekki sé gengið á auðlindir hafsins

og að mengun við veiðar, vinnslu og flutning á sjávarafurðum sé haldið í lágmarki.

Til þess að sýna fram á sjálfbærni þarf hins vegar að vera hægt að rekja ferlið sem á sér stað í matvælaíðnaðinum. Sveinn Margeirsson, deildarstjóri á sviði sem kallast ný tækni og markaðir hjá Matís ohf., segir margt gott hafa verið unnið í þeim efnum hér á landi. „Við stöndum í raun frábærlega í rekjanleika hér,“ segir hann, en með því að hægt sé að rekja ferlið fást nákvæmar upplýsingar um vöruna. Seljendur sem búa yfir „gæðaafurð“ eru sagðir geta aðgreint sig betur frá öðrum á markaði.

### REKJANLEIKI GETUR AF SÉR PEKKINGU

„Þetta snýst í fyrsta lagi um að neytandinn geti vitað hvaðan varan kemur, en það er sá þáttur sem flestir þekkja, og í öðru lagi um að hægt sé að rekja nákvæmlega hvaða leið varan fór. Ef tekið er dæmi um lambakjöt lægi leiðin frá bónda til neytanda í gegnum slátrun, kjötvinnslu, dreifingu og verslun.“ Sveinn segir Íslendinga almennt standa framarlega í matvælaíðnaði hvað rekjanleika varðar „og mjög framarlega í sjávarútvegi á alþjóðlega vísu“.

Hér hefur því lengi verið unnið að því að auka rekjanleika matvæla, en það sem hefur helst breyst síðustu ár, að mati Sveins, er hversu tæknin hefur einfaldað verkið og um leið aukið möguleikana á því að hagnýta upplýsingarnar sem safnað er. „Áður snerist þetta um að vita nokkurn veginn hvaða leið varan fór og bærst kvörtun var hægt að fletta í bókunum og finna brotalöminu í ferlinu.“ Sem dæmi um þróunina nefnir Sveinn örmerkt fiskiker. „Í þeim er örmerki sem lesið er þegar fiskur kemur í kerfið um borð í báti, þegar landað er og þegar fiskurinn er unninn. Þegar fisknum er pakkað fær sú pakkning sitt strikamerki. Þannig myndast eining sem rekja má í gegnum allt kerfið.“

Þá eru afladagbækur víða orðnar rafrænar en það segir Sveinn auðvelda mjög alla meðhöndlun upplýsinga því sjálfkrafa verði til gagnagrunnur um veiðarnar. „Það auðveldar auðvitað gríðarlega alla meðhöndlun á gögnunum. Hér hafa menn verið fram-sýnni í þessum efnum en víð-

ast annars staðar,“ segir hann og vísar til þróunarverkefnis sem unnið var á Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins, nú Matís, í samstarfi við sjávarútvegsfyrirtæki. Þetta verkefni snýst um hvernig hægt er að nýta upplýsingarnar sem fást með rafrænum hætti. „Ekki bara til þess að neytandinn sjái hvaðan varan kemur, heldur einnig til stýringar í virðis-keðjunni frá veiðum, í gegnum vinnslu og inn á markað.“

Sveinn segir að auknum rekjanleika vörunnar fylgi mikil sóknarfæri fyrir matvælaíðnaðinn. „Flestar rannsóknir sýna að rekjanlegri vara selst ekki endilega á hærra verði, en oft er þetta aðgöngumiði inn í hágæða- eða dýrar verslanakeðjur.“ Aukinheldur bendir Sveinn á að núna sé rekjanleiki lögbundinn, bæði hjá Evrópusambandinu og í Bandaríkjunum. „En það eru okkar stærstu útflutningsmarkaðir.“

Með rafrænu tækninni segir Sveinn framleiðendur geta orðið sér úti um töluverða þekkingu á hráefninu sem unnið er með. „Við erum háþróað fiskvinnsluland og að þekkja hráefnið hjálpar til við að þróa vöruna frekar. Auk þess eru möguleikar fölgir í bættri lagerstýringu og í því að hægt sé að sýna kaupandanum fram á að hráefnið sé meðhöndlað á besta hugsanlega hátt og þannig stuðlað að hámarks-gæðum vörunnar.“

### SLÁUM EIGIN MET

Rekjanleikinn tengist svo einnig umræðu um sjálfbærni sem Sveinn segir mjög vaxandi á mörkuðum landsins. „Erlendir neytendur eru í meira mæli vakandi fyrir því að hægt er að of-

veiða og klára fiskistofna. Fiskveiðistjórnarkerfið okkar hefur tryggt þokkalegt ástand fiskistofna að mestu leyti þrátt fyrir nýjar tillögur Hafrannsóknarstofnunar um mikinn niðurskurð í veiðum á þorskstofninum. Því er nokkurs virði að geta sýnt fram á að varan sem verið er að selja sem íslenska sé það í raun og veru. Þetta kallar á að hægt sé að sýna fram á uppruna vörunnar og leið hennar í gegnum virðis-keðjuna.“

Sveinn segir að þótt ekki sé hægt að bera „lífræna ræktun“ og sjálfbæra þróun í fiskiðnaði fyllilega saman eigi orðræða í kringum þessi hugtök nokkuð sammerkt. „Aukin vitund neytenda fyrir umhverfismálum hefur leitt huga þeirra að spurningunni: Er mín neysla að eyðileggja umhverfið fyrir börnunum mínum? Sjálfbær þróun og lífræn ræktun ganga út á að tryggja komandi kynslóðum sömu möguleika og við höfum í dag. Ef ein vara stuðlar fremur að þessu en önnur er ákveðin hópur fólks tilbúinn að greiða herra verð fyrir hana.“

Sveinn, sem er hlaupari og hefur keppt í íþrótt sinni (á reyndar enn Íslandsmet í 3.000 metra hindrunarhlaupi), segir íslenskan sjávarútveg standa mjög framarlega í samanburði við aðrar þjóðir og byggir það ekki síst á því umhverfi sem hér hafi skapast í samstarfi öflugra fyrirtækja og matvælarannsóknna. „Segja má að ákveðin áskorun felist í því að viðhalda forystu okkar í þessum efnum. Menn vilja bæta sig og horfa til þess. Við erum að slá okkar eigin met, viljum vera betri í dag en í gær.“

## Sumarstemning

HEITASTA VÉLIN


**Canon EOS 400D**  
með 18-55mm linsu



10,1 milljón pixla  
2,5" skjár  
Níu punkta fókus  
Digic II örgjörvi  
3 rammar á sek.  
allt að 27 rammar í burst  
Picture style – mismunandi litir og áhrif  
Hugbúnaður til RAW vinnslu í tölvu  
Video out  
Vegur aðeins 510 grömm  
Val á yfir 60 linsum við vél



Bankastræti · Fjörður · Kringlan · Laugavegur 178 · Smáralind



Vinnustaður á hjólum

## Hiace - harðduglegur og iðjusamur

Hiace hefur skapað sér einstaklega gott orðspor meðal íslenskra atvinnubílstjóra, enda er bíllinn skynsamlega hannaður með notagildi og aðbúnað ökumanns að leiðarljósi. Fjölbreytilegar aðstæður kalla á fjölhæfan bíl, lipran, háan, breiðan, stöðugan, öruggan og umfram allt meðfærilegan. Þetta færðu allt með Hiace.

Komdu og reynsluaktu Hiace.



Verð frá **2.520.000. kr.**



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi  
Nýbýlavegi 4  
Kópavogur  
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbær  
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
Selfoss  
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi  
Miðási 2  
Egilsstaðir  
Sími: 470-5070

## BANKAHÓLFID



### Ísland í Kínabönkum

Á næstu vikum og mánuðum munu myndskiptavinir kínverskra banka geta horft á íslenskt myndefni meðan þeir bíða eftir afgreiðslu í bankanum. Þetta felst í nýjum samningi sendiráðs Íslands í Kína við fyrirtækið Focus Media Development Co., sem sérhæfir sig í uppsetningu á sjónvarpskjám og á sýningu myndefnis í opinberum stofnunum og fyrirtækjum. Vonandi verður myndefnið skemmtilegt þar sem viðskiptavinir banka og fjármálstofnana þurfa að meðaltali að bíða í um tuttugu mínútur eftir afgreiðslu.

### Enn af Kína...

Nýr samningur milli Fjármálaeftirlitsins íslenska og bankaeftirlitsins kínverska tekur bæði til starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja í Kína og kínverskra fjármálafyrirtækja á Íslandi. Miðað við útrásargleðina sem ríkir hér er ólíklegt að opnun Glitnis á skrifstofu í Kína verði eina skref íslensku banka inn á þennan risamarkað. Kínverjar eiga samt miklu stærri, völdugri og alþjóðlegri banka en Íslendingar. Einhvern veginn virðist samt ólíklegt að þeir muni líta hingað til lands eftir nýjum tækifærum.

### Vaxtarspenna

Margur hagfræðinördinn hefur að öllum líkindum átt bágð með svefn í nótt fyrir spenningsi. Hagstofa Íslands birtir nefnilega bráðabirgðatölur sínar fyrir landsframleiðslu á fyrsta fjórðungi þessa árs í dag. Greiningardeild Kaupþings gerir ráð fyrir að landsframleiðslan hafi vaxið í kringum tíu prósent að raunvirði frá sama fjórðungi í fyrra. Það megi að langmestum hluta til leiða til mikils vaxtar í útflutningi á vöru og þjónustu. Gaman verður að sjá hvort tölurnar sem Hagstofa Íslands dregur upp úr hattinum í dag ríma við þá spá.

**1/3** hlutur Tryggva Jónssonar, fyrrverandi eiganda og forstjóra bifreiðaumboðsins Heklu, í Humac sem á og rekur Apple-verslanir á Íslandi og á Norðurlöndunum.

**9,59%** stofnfjárlutur athafnamannsins Magnúsar Ármanns í Byr sparisjóði í gegnum eignarhaldsfélagið Imon.

**0,98** evrur á hlut er of lágt yfirtökutilboð í Actavis að mati stjórnar félagsins.



# THULE<sup>®</sup>

SWEDEN

Upplifðu Ísland með Thule ferðavörum

**Ferðabox verð frá 24.900,-**

# Stilling

www.stilling.is // stilling@stilling.is

Skeifan 11, 108 Reykjavík | Bildshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur | Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður  
Draupnisgata 1, 600 Akureyri | Eyravegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000

# Fljúgum hærra!



**SPRON Verðbréf**  
Peningamarkaðssjóður SPRON  
**15,3% ávöxtun\***

75 ára | **spron**  
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

\*Nafnvöxtun miðast við 31. ágúst 2006 til 31. maí 2007, uppreiknað á ársgrundvelli. Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útbodslýsing má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is.